



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 28. FEBRÚAR 2023 // 9. TBL. // 45. ÁRG.

■ Borað fyrir lághita á Suðurnesjum. Ný þjóðarsorporkustöð í Helguvík gæti líka leyst mörg mál:

## Varahitaveita er nauðsynleg

„Við erum ennþá í þeirri stöðu að Svartsengi er þar sem það er og það er ein pípa frá Svartsengi. Við getum fengið hraun aftur yfir hana. Við munum þá bara verða að bregðast við því eins og við erum að gera núna. Til lengri tíma, og þá er ég ekki að tala um mörg ár, verðum við vonandi komin með lág-hitaveitur hérna við svæðið og mögulegar tengingar við annað háhitasvæði, t.d. Reykjanesið eða það svæði,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri HS Orku aðspurður um hvort það sé hægt að koma í veg fyrir að heita vatnið fari aftur af þegar gýs í Grindavík.

Hann ræðir fleiri möguleika fyrir nýja hitaveitu, m.a. byggingu nýrrar sorporkustöðvar í Helguvík sem myndi geta framleitt heitt vatn og rafmagn með brennslu á sorpi. Viðtal við Tómas Má er á síðum 8 til 10 í Víkurfréttum í þessari viku. Einnig má sjá viðtal við hann í Sjónvarpi Víkurfrétta á vf.is og í rafrænni útgáfu VF.



Unnið við tengingu á heitavatnslögn við Svartsengi.

## Mælir ekki með að gist sé í Grindavík

Fáir Grindvíkingar kjósa að dvelja í bænum næurlangt. Þeim er það heimilt en lögreglustjóri mælir ekki með því. Lögreglustjóri bendir á að líklegt er að það styttist í næsta gos og biður fólk um að taka tillit til þess. Fyrirvari vegna næsta eldgoss gæti orðið mjög stuttur. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Úlfari Lúðvíkssyni, lögreglustjóra á Suðurnesjum.

Það er mat vísindamanna að ef til eldgoss kemur, er líklegast að kvikan leiti frá Svartsengi yfir í Sundhnúkagígaröðina og að gos komi upp á svæðinu milli Stóra-

Skógfells og Hagafells. Merki um að kvika sé að brjóta sér leið upp á yfirborðið kæmu fram í skyndilegri, staðbundinni og ákafri smáskjálftavirkni. Ef horft er til fyrri

eldgosa á svæðinu gæti nýtt eldgos hafist með skömmum fyrirvara, innan við 30 mínútur, allt eftir því hvar á Sundhnúksgígaröðinni kvika kemur upp. Ekki er hægt að útiloka að gos komi upp inn í Grindavík þótt það teljist ólíklegt.

Viðbragðsaðilar eru við störf í Grindavík og lögregla sinnir lögbundnu eftirliti í bænum eins og verið hefur.



VF/Sigurbjörn Daði Dagbjartsson

## Forstjórinn á fullu með snyrtihnífinn

„Mér finnst gott að grípa stundum í hnífinn, ég er vanur þessum vinnubrögðum síðan ég vann á frystitogurum hér áður fyrr. Það er nauðsynlegt að fara stundum í grunninn, ég mér finnst þetta gaman og svona tengist ég starfsfólkinu betur,“ segir Stefán Kristjánsson, forstjóri Einhamars Seafood, sem var á fullu með snyrtihnífinn á vinnslulínunni í fyrirtækinu á þriðjudagsmorgun. Þar var verið að forsnyrta þorsflök áður en þau fóru í beinskurð. Fiskinn kom áhöfnin á Vésteini GK með að landi á sunnudaginn. Mokveiði hefur verið hjá körlunum um borð og aðeins um 20 mínútur á miðin frá Grindavík.

„Það er gott að þetta sé komið af stað aftur, ég var búinn að bíða eftir þessu. Eg vil trúna að aðilar séu búnir að læra af þessum eldgosum til þessa, það þarf ekki að setja allt í lás svo vikum skiptir þegar eldgos er búið, það er nánast hægt að hefja störf daginn eftir. Við tókum

viðbragðsæfingu og gekk hún mjög vel. Á fáeinum mínútum vorum við komin upp á Nesveg. Nú vinnum við þetta með yfirvöldum og byggjum bæinn upp hægt og örugglega. Jája, hættu nú að trufla mig,“ sagði Stefán og hélt snyrtingunni áfram.



## ÄNGLAMARK-DAGAR

25% appsláttur af öllum Änglamark-vörum. 29. febrúar–10. mars



# nettó



## Vogar yfirgefa Reykjanesfólkvang

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga leggur til við bæjarstjórn að sveitarfélagið fari að fordæmi Reykjavíkurborgar og segi sig frá þátttöku í Reykjanesfólkvangi.

Þá verði óskað eftir því við Umhverfis-, orku-, og loflagsráðuneytið að auglýsingu um fólkvang á Reykjanesi verði breytt til samræmis við framangreinda ákvörðun.

Þetta var samþykkt samhljóða með fjórum atkvæðum í bæjarráði þann 7. febrúar sl.

Þá segir að bæjarráð Sveitarfélagsins Voga taki undir þau sjónarmið sem fram koma í erindi Reykjavíkurborgar og bókun borgarstjórnar við afgreiðslu tillögu um úrsögn Reykjavíkurborgar úr Reykjanesfólkvangi.

## Suðurnes hljóta verkefnisstyrk Bygðaaáætlunar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur hlotið verkefnisstyrk Bygðaaáætlunar upp á sautján milljónir króna. Styrkurinn er stuðningur við uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á Reykjanesi. „Óflug verkefnavinna til stuðnings við samfélög og atvinnulíf á Suðurnesjum vegna eldsumbrota á Reykjanesi,“ segir í lýsingu verkefnisins.

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, hefur staðfest tillögur valnefndar um úthlutun styrkja að fjárhæð 130 milljóna kr. til tíu verkefna á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga í svokölluðum C.1 potti bygðaaáætlunar 2022-2036. Alls bárust átján umsóknir, heildarkostnaður verkefna var tæplega 500 milljónir kr. og sótt var um rúmar 370 milljónir kr. í styrki.



## Iðnkennarar bjóða á kynningu í FS

Iðnkennarar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja bjóða meisturum og forsvarsfólki fyrirtækja sem stefna á að hafa iðnnema á samning, í heimsókn í FS og

kynna þeim starfið, fimmtudaginn 29. jan. kl. 11.30-13.30. Boðið er upp á súpu og síðan fyrirlestur um ferilbók og eftir það eru kennsluáætlunir skoðaðar.

**Allt hreint**  
Umhverfissvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR


NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**


SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Líkanið að ofan gerir ráð fyrir eldgosi milli Sýlingarfells og Stóra-Skógfells, líkt og urðu og 18. desember 2023 og 8. febrúar 2024.



Líkanið sem gerir ráð fyrir eldgosi við Hagafell, líkt og 14. janúar 2024, sýnir hraunrennsli yfir vestasta hluta byggðarinnar í Grindavík.

# Hraunflæðilíkön draga upp dökka mynd fyrir innviði og mannvirki

Tvö hraunflæðilíkön sem Veðurstofa Íslands gaf út í vikunni gera bæði ráð fyrir eldgosi með framleiðni upp á 600 rúmmetra á sekúndu í sex klukkustundir. Líkönin gera ráð fyrir stöðugu hraunflæði upp á 600m<sup>3</sup>/s og sýnir dreifingu hraunbreiðunnar eftir 6 klukkustundir. Annað líkanið gerir ráð fyrir eldgosi milli Sýlingarfells og Stóra-Skógfells, líkt og urðu og 18. desember 2023 og 8. febrúar 2024. Hitt líkanið gerir ráð fyrir eldgosi við Hagafell, líkt og varð 14. janúar 2024.

Líkönin sem kynnt voru sýna áætlað hraunflæði út frá mismunandi staðsetningum á gosopnun á Sundhnúksígargaröðinni. Í þessum sviðsmyndum er gert ráð fyrir 800 metra langri gossprungu. Sprungur eru merktar með svörtu striki. Veðurstofan tekur fram að hegðun hraunbreiðunnar getur verið mjög ólík og ræðst af því hvar nákvæmlega sprunga opnast í landslaginu.

Lítill tilfærsla á gossprungum getur breitt hraunflæði mikið.

Það er áfram mat vísindamanna að ef til eldgoss kemur, er líklegast að kvikan leiti frá Svartsengi yfir í Sundhnúksígargaröðina og að gos komi upp á svæðinu milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Merki um að kvika sé að brjóta sér leið upp til yfirborðs, koma fram í skyndilegri, staðbundinni og ákafri smá-

skjálftavirkni. Ef horft er til fyrir eldgosa á svæðinu gæti eldgoss hafist með litlum fyrirvara, innan við 30 mínútur, allt eftir því hvar á Sundhnúksígargaröðinni kvika kemur upp.

Bæði líkönin sýna að verulegt tjón getur orðið á innviðum. Gangi líkanið fyrir Svartsengi eftir mun hraun ná Njarðvíkuræðinni sem flytur heitt vatn til Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga. Gjósi við Hagafell samkvæmt hraunflæðilíkaninu getur hraunstraumurinn ógnað vestustu byggðinni í Grindavík.

Nánar má lesa um líkönin á vef Vefurfréttu.



Svona verður Myllubakkaskóli eftir breytingar.

## Milljarðaframkvæmdir í skólum Reykjanesbæjar í fullum gangi

- Loftræsting fyrir hverja skólafötu.
- Hægt að fylgjast með loftgæðum með stafrænni tækni.

Milljarðaframkvæmdir eru í fullum gangi í þremur skólum Reykjanesbæjar. Framkvæmdir hafa gengið ágætlega í eldri skólunum, Myllubakka- og Holtaskóla, en tafir hafa orðið á byggingu íþróttahúss og sundlaugar ásamt búningaklefum í Stapaskóla að sögn Guðlaugs H. Sigurjónssonar, sviðsstjóra umhverfissviðs Reykjanesbæjar.

Í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 23. febrúar er greint frá því að Holtaskóli muni stækka um 1.760 fermetra og nemendafjöldi skólans muni aukast um 168 en nemendur voru 420.

Í Myllubakkaskóla er framkvæmdum lokið í bili í svokallaðri D-álmú sem var nýjasta bygging skólans. Þar hófst kennsla á nýjan leik í upphafi vikunnar. Eftir skóla í vor munu framkvæmdir halda áfram en ekki var lokið við að setja gólfefni og loftaefni. Framkvæmdir eru að hefjast við elsta hluta Myllubakkaskóla, A-álmuna, og í framhaldi verður íþróttasalurinn rifinn og nýr byggður. Nýlega var greint frá framkvæmdum við Myllubakkaskóla og ríkir ánægja með framtíðarútlit skólans.

Að sögn Guðlaugs eru ýmsar nýjungar í þessum framkvæmdum,

til dæmis er nú sérstakt loftræstikerfi fyrir hverja kennslustofu og með nýjustu tækni verður hægt að fylgjast stafrænt með loftgæðum. Ljóst er að raki hefur fengið að myndast og ekki hugað nægilega að loftun húsnæða í skólum í gegnum árin.

Í áætlunum er gert ráð fyrir að framkvæmdum við Holt- og Myllubakkaskóla ljúki eftir um það bil tvö ár en í Myllubakkaskóla verður hægt að taka hluta húsnæðis í notkun eftir framkvæmdir en Holtaskóli verður opnaður allur í einu.

Nokkur umræða hefur orðið um seinkun framkvæmda við Stapaskóla. Guðlaugur segir að stefnt sé að því að íþróttahús og sundlaug verði tekið í notkun áður en skólastarf hefjist næsta haust.

## Bylting fyrir skólastarfið

Tillögur að endurbótum á Myllubakkaskóla voru kynntar síðla árs 2023 og þar segir að allur skólinn hafi verið endurhugaður út frá nútímalegum viðhorfum og breyttum tímum með fjölbreyttari kennsluáferðum. Greint var frá þessu í Vefurfréttum í desember.

Tillögurnar hafa mælst vel fyrir hjá stjórnendum og starfsfólki skólans og segir Hlynur Jónsson, skólastjóri Myllubakkaskóla, frumdrögin vera glæsileg og að þau komi vel út.

„Þetta verður mikil breyting fyrir skólastarfið. Ekki bara það að við séum að auka við okkur plássíð, það er gert ráð fyrir stækkun, skólinn ætti að rúma 450 til 500 nemendur en þeir eru um 300 núna. Skólinn var gerður fyrir 330 nemendur en með uppbyggingunni sem er fyrirhuguð á Vatnsnesinu er gert ráð fyrir fjölgun upp á 150 nemendur og því er verið að stækka skólann í samræmi við það. Við fáum stærra íþróttahús og getum þá mögulega verið með alla okkar íþróttakennslu á sama stað, þurfum þá ekki að fara upp á Sunnubraut.“



# AFSLÁTTAR DAGAR

# 39%

af innimálningu

**Matta, Bett<sup>3</sup> og Bett<sup>10</sup>**

og 2 fríar litaprufur.

*Gildir til 2. mars.*

**SLIPPFÉLAGIÐ**  
Hafnargötu 54  
Reykjanesbæ  
S: 421 2720

Opið:  
**8-18** virka daga  
**10-14** laugardaga  
[slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)



**SLIPPFÉLAGIÐ**



## Átta aðilar fengu menningarstyrk og ellefu hópar þjónustusamning

Alls bárust 27 umsóknir um verk-efnastyrki upp á tæpar sextán milljónir króna og fjórtán menningarhópar sóttu um að fá þjónustusamning við Reykjanesbæ. Heildarupphæð menningarsjóðs til úthlutunar eru 5,6 milljónir króna. Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja verkefni sem eru líkleg til að efla menningarstarfsemi í Reykjanesbæ. Ráðið tók ákvörðun um átta verkefni sem hljóta styrk að þessu sinni að upphæð kr. 3.400.000,- og kr. 2.050.000 verður veitt í þjónustusamninga við ellefu starfandi menningarhópa í sveitarfélaginu.

Vegna fjölgunar styrkumsókna í sjóðinn og kraftsins í samfélaginu leggur menningar- og þjónusturáð til að upphæð sjóðsins verði endurskoðuð í næstu fjárhagsáætlunargerð, segir í nýjustu fundargerð menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar.



## Menningarkort fyrir íbúa og ferðamannakort fyrir ferðafólk

Tómas Young, framkvæmdastjóri Hljómahallar, kynnti menningar- og ferðamannakort Reykjanesbæjar á fundi menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar 22. febrúar síðastliðinn.

Menningarkortið er stafrænt árskort fyrir íbúa sem og gesti sem heimsækja menningarhús Reykjanesbæjar reglulega. Árskortið kostar 2.000 kr. og veitir aðgang að Rokksafni Íslands og Duus safnahúsum en þar eru til húsa sýningarsalur Listasafns Reykjanesbæjar, Byggðasafns Reykjanesbæjar og Gestastofa Reykjanes jarðvangs. Kortunum fylgir 10% afsláttur í

safnbúð Duus safnahúsa og 10% afsláttur af tónlist og fatnaði í verslun Rokksafns Íslands auk þess sem gestum er boðinn ókeypis kaffibóli á báðum stöðum. Hugmyndin með ferðamannakortinu er að selja ferðafólki í sveitarfélaginu eitt kort sem veitir aðgang að öllum helstu þjónustum sveitarfélagsins. Fyrirhugað er að innifalið í kortinu verði aðgangur að Duus safnahúsum, Rokksafni Íslands, sundlaugum og strætókerfi Reykjanesbæjar. Kortið kemur til með að gilda í 48 tíma frá því að það er keypt. Áætlað er að kortið veiti ýmis önnur fríðindi, s.s. afslætti í safnaverslunum, á veitingastöðum og í verslunum.

Menningar- og þjónusturáð tekur jákvætt í erindið.

## Leyst úr málum á faglegan og fumlausan hátt í Suðurnesjabæ

„Það hefur mikið mætt á stamönnum Suðurnesjabæjar að leysa úr fjölmörgum málum sem uppi hafa verið þessa dagana. Suðurnesjabær býr einstaklega vel að frábæru og hæfu starfsfólki sem hefur leyst úr málum á faglegan og fumlausan hátt,“ segir í afgreiðslu bæjarráðs Suðurnesjabæjar frá síðasta fundi.

Þá segir: „Einstakir starfsmenn og verktakar hafa unnið að þessum málum dag sem nótt, á virkum dögum sem helgardögum og lagt allt sitt í verkefnið. Enda hefur allt gengið eins vel og aðstæður hafa boðið og rúmlega það. Starfsmenn Suðurnesjabæjar og verktakar sem hafa starfað með þeim fá sérstakar þakkir fyrir frábæra frammistöðu og einstaklega vel unnin verk. Jafnframt fá íbúar þakkir fyrir þátttöku og sitt framlag við lausnir mála. Loks þakkar bæjarráð viðbragðsaðilum almannaþinga, veitufyrirtækjum og verktökum þeirra fyrir vel unnin verk og frábæra frammistöðu við krefjandi aðstæður.“



## Vogar líklega ekki í hættu

„Vísindafólk hefur bent á að þéttbýlið í Vogum sé ekki nálægt líklegum upptökustöðum eldgosa og það þyrfti bæði talsvert stórt eldgos og langvinnt svo hætta geti talist á hraunflæði svo norðarlega á skaganum og jafnvel í svo dökkri sviðssmynd þá gera þau hraunflæðilíkon sem eru til ekki ráð fyrir hraunflæði í átt að sjálfri íbúðabygginginni í Vogum,“ segir Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga aðspurður um hættur af eldgosum.

„Þá er auðvitað ástæða til að hafa það í huga að ef slík sviðssmynd myndi raungerast þá værum við að tala um að áður en til þess kæmi að hraun myndi ná til sjávar þá væru aðrir mikilvægir innviðir í hættu, þ.e. bæði flutningskerfi raforku og Reykjanesbrautin, sem við hljótum að gera ráð fyrir að verði reynt að verja með öllum tiltækum ráðum.“

Þetta þýðir ekki að það sé ástæðulaust að huga að mögulegum varnarviðbrögðum á svæðum sem ekki teljast í mestri hættu og að sjálfsögðu hafa sérfræðingar okkar á sviði jarðvísinda og almannaþinga verið að skoða þessi mál síðustu ár og sú þekking og reynsla sem hefur orðið til í síðustu eldgosum, m.a. við gerð varnargarða í kringum Grindavík, mun vafalaust koma að gagni í framtíðinni og ekkert endilega bara á Reykjaneskaganum,“ segir bæjarstjórnin.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

### HRÖNN JÓHANNESDÓTTIR, Móavöllum 2, Njarðvík,



lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 19. febrúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvírkirkju föstudaginn 1. mars klukkan 13.

Ágúst Sigurður Hrafnsson  
Hrafnhildur S. Ágústsdóttir Jeffrey Baran  
Ágúst Freyr Ágústsson Margrét S. Hilmarsdóttir  
Aníta Ágústsdóttir Davor Lucic  
Ævar Már Ágústsson Guðrún Runólfssdóttir  
Sævar Örn Ágústsson  
barnabörn, barnabarnabörn  
og systkini hinnar látnu.

## Aðalfundur Félags eldri borgara á Suðurnesjum

verður haldinn föstudaginn 15. mars  
2024. kl. 14.00 á Nesvöllum,  
Njarðarvöllum 4, Reykjanesbæ.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
samkvæmt lögum félagsins.

Stjórn FEBS



## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

### Vinnuskóli Reykjanesbæjar:

Forstöðumaður

Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar  
(flokkestjóri 100% starf)

Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar  
(flokkestjóri 50% starf)

Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir  
(flokkestjóri)

Umsjónaraðili samskipta (aðstoðarforstöðumaður)

Umsjónaraðili verklegs starfs (yfirklokkestjóri)

### Önnur störf:

**Þjónustukjarni Suðurgötu** - Starfsfólk í sumarafleysingar

**Heilsuleikskólinn Heiðarsel** - Leikskólakennari

**Menningar- og þjónustusvið** - Þjónustufulltrúi í

þjónustuveri

**Velferðarsvið** - Starfsmaður á heimili fatlaðs fólks

**Velferðarsvið** - Starfsfólk í stuðningsþjónustu við börn

**Velferðarsvið** - Heima- og stuðningsþjónusta

(sumarafleysingar)

**Ath!** Störf í skólum sveitarfélagsins, kennarastöður

og aðra stöður, fyrir haustið 2024 eru komin inn

á vef Reykjanesbæjar.

**Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

**Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislun?**

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026

## Orlofshús

## Stjórnendafélags Suðurnesja Sumarúthlutun 2024

Orlofshús félagsins eru á eftirtöldum stöðum:

- Öldubýggð við Svínavatn í Grímsnesi
- Furulundur á Akureyri
- Álfasteinssund í Hraunborgum í Grímsnesi

Sumarútleiga er frá miðvikudegi til miðvikudags, frá 29. maí til 11. september.

Sótt er um orlofshús á orlofsvefnum: [www.orlof.is/vssi](http://www.orlof.is/vssi).

Innskráning á vefinn er með Íslykli eða með Rafrænum skilríkjum.

Umsóknafrestur er frá 28. febrúar til 11. mars 2024.

Úthlutað verður, samkvæmt punktakerfi.

Umsækjendum verður tilkynnt um úthlutun með tölvupósti.



STJÓRNENDAFÉLAG  
SUÐURNESJA

HAFNARGÖTU 15 230 KEFLAVÍK  
SÍMI 421 2877 www.stjornsud.is





# Þjónustustjóri og sölu ráðgjafi á nýrri þjónustuskrifstofu

Við leitum að þjónustustjóra og sölu ráðgjafa á nýja þjónustuskrifstofu  
VÍS í Reykjanesbæ. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2024.



Nánar á [vis.is/laus-storf](https://vis.is/laus-storf)





ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



L G A S N N E M A T T É R F P  
 P Ú K N G É T S G Ð Ö M U S Ö  
 J K Ð P Á R D N A É T M S T O  
 A L G U S Ó N Ú T S L G É R R  
 T L Ó A R T J S R A S P Ð E I  
 G Ú L A S N N Ó U U É P J N Ð  
 N A G A T Æ A S M É G Ð Á G I  
 A R A N O V T N O S T R A U E  
 L U K Ö É Ð U Ö A N E P A R L  
 R É K K A R S D A N Ð O L D A  
 U S A T Ö A S A G Ó B M Ú S T  
 T Ó G V É R U Ð R A G S Á Í T  
 Æ G Ð P Ö Y M Ý R U G I E F Ó  
 N I Ð J A R Ú A G Ó K S R É L  
 V É Y N U Í R U G N I Ð Æ R F

FUMLAUST  
 VIÐVÖRUN  
 FLÓTTALEIÐIR  
 UTAN  
 LÚÐUR  
 FRÆÐINGUR  
 NOSTRA  
 NÆTURLANGT  
 ÓFEIGUR  
 ARDVÆNT

FRÉTTAMENN  
 NAGA  
 ARGUR  
 NIÐJAR  
 RÖK  
 STRENGUR  
 ABENA  
 ÁSGARÐUR  
 URTA  
 LOÐNA

Gangi þér vel!



Baldvin GK  
 besti stóri togarinn árið 2022

„Hreinræktað fiskveiðitæki,“ segir þekkt tímarit í sjávarútvegi.

Útgerðarfélagið Nesfiskur, sem m.a. gerir út togarann Baldvin Njálsson GK, fékk rós í hnappagatið nýlega þegar skipið var valið „Besti stóri togarinn árið 2022“ af Baird Maritime en það er eitt af leiðandi tímaritum um skipasmíðar í heiminum. Fiskifréttr greindu frá.

Blaðið segir hið nýja glæsi-lega skip vera „hreinræktað fiskveiðitæki“. Spannandi sé að sjá slík skip smíðuð eftir langa eyðimerkurgöngu í þeim efnum. Í umfjölluninni segir að skipið sé hannað af hinu þekkta, íslenska skipahönnunar fyrirtæki Skipasýn fyrir Nesfisk í Garði. Hönnun og smíði skipsins tekur mið af öryggi og skilvirkri notkun þess í

ólusjó Norður-Atlantshafsins, verksmiðjutogari með öllum þeim búnaði sem til þurfi.

Í umfjölluninni í blaðinu er rætt við Sævar Birgisson, framkvæmdastjóra Skipasýnar. Hann segir skipið eitt hið eyðslugrennsta miðað við stærð og það megi þakka skrokklagin og skrófu sem er

fimm metrar í ummál. Skipið var smíðað í Vigo á Spáni. Stöðin er um þessar mundir með tvö skip í smíðum fyrir Íslendinga, annars vegar 58 metra langan togara fyrir Þorbjörn hf. í Grindavík, Huldu Björnsdóttur GK, og hins vegar hafrannsóknarskipið Þórunni Þórðardóttur.



Baldvin Njálsson GK við komuna til Íslands.

SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaviðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
**sími 421 7979**  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: **11-13:30**  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Loksins landað aftur í Grindavík

Núna árið 2024 er hlaupár og það þýðir að fólk sem fæddist 29. febrúar getur haldið upp á afmælið sitt – en það getur gert það á fjögurra ára fresti.

Þetta þýðir líka að febrúar hefur einn aukadag varðandi sjósókn en þessi mánuður er búinn að vera mjög góður aflalega séð og reyndar skritinn, sérstaklega út af því sem er að gerast í Grindavík.

Jarðhræringarnar sem eru í gangi við Svartsengi og vísindamenn segja að það geti gosið aftur – og svo líklega aftur og aftur. Minna um margt á blöðru sem tæmist en fyllist síðan aftur og tæmist.

Núna í vikunni var fagnað í Grindavík þegar bátar gátu loksins landað þar aftur en Óli á Stað GK, Vésteinn GK og Valdimar GK komu allir til Grindavíkur með afla.

Óli á Stað GK kom með 13,2 tonn sem voru veidd utan við Krýsuvíkurbjarg, Vésteinn GK lenti í mokveiði og kom með 26,3 tonn en báturinn þurfti að fara tvær ferðir til að ná í þennan afla.

Reyndar núna þegar að þessi pistill er skrifaður þá er búið að færa Véstein GK úr Grindavík og yfir í Sandgerði, svo sem skiljanlegt því vísindamenn segja að stutt sé í næsta gos.

Enn og aftur þurftu bæði Daðey GK og Geirfugl GK að fara í tvær ferðir til þess að ná aflanum sínum. Geirfugl GK hefur landað um 30 tonnum á tveimur dögum en þurfti að tvílanda báða dagana. Daðey GK er búin að mokveiða



og hefur landað 94,3 tonnum á fjórum dögum en á bak við þessa fjóra daga eru alls níu landanir. Fyrst þurfti Daðey GK að landa þrisvar saman daginn og hina þrjá daganna þurfti Daðey GK að tvílanda.

Margrét GK hefur líka mokveitt en hefur ekki þurft að tvílanda, hefur landað 102 tonn í sex róðrum og það gerir um 17 tonn í róðri.

Kristján HF kom að austan og fór til Sandgerðis, þar er báturinn að reyna að eltast við ýsuna og hefur landað tvisvar þar, alls um 40 tonnum og þar af fékk báturinn 22,1 tonn í einni löndun sem reiknast um 560 kíló á bala. Þetta er nú bara enn eitt dæmið um þá mokveiði sem er búin að vera núna frá áramótum.

Færabátunum hefur fjölgað töluvert þó svo að flestir bátanna séu að eltast við ufsann. Þó er Huldu SH kominn á veiðar en þessi bátur var í Sandgerði í

AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



mars árið 2023, mokveiddi rétt fyrir utan Sandgerði og kláraði þorskkvótann sinn þann mánuð með því að landa um 32 tonnum. Verður fróðlegt að sjá núna í mars hvort Huldu SH muni aftur mokveida eins og báturinn gerði fyrir ári síðan.

Annars svona í lokin langar mig að athuga hvort einhver lesandi þessara pistla lumi á bátamyndum einhverstaðar í safni sínu sem ég gæti fengið að komast í. Veit að nokkrir hafa í gegnum tíðina myndað duglega báta á Suðurnesjunum og ég veit um einn sem hefur verið hvað atkvæðamestur.

Ef einhver lumar á gömlum bátamyndum frá Suðurnesjum þá gætuð þið sent í mér í gegnum netfangið gisli@aflafrettir.is.



# Af sjónum í verkstjórn hjá Nesfiski

„Það er mjög gott að vinna hjá Nesfiski, þetta er frábært fyrirtæki,“ segir Grindvíkingurinn Leifur Guðjónsson en eftir að hafa verið sjómaður nánast allan sinn starfsaldur bauðst honum verkstjórastaða hjá Nesfiski haustið 2020. Leifur hafði klárað gæðastjórnunarnám í Fisktækniskólanum og ákvað að stökkva á tækifærið og sér ekki eftir því. Hann, eins og aðrir Grindvíkingar, hefur þurft að aðlaga sig breyttum veruleika og vill ekki hugsa þá hugsun til enda að þurfa að flytja frá Grindavík.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vt.is

Leifur hafði sótt nám í Fisktækniskólanum í Grindavík og það vó þungt í því að honum bauðst starfið hjá Nesfiski. „Ég hóf störf haustið 2020 en þá var ég háseti á frystitogaranum Vígra. Þetta kom flutt upp á mig, ég hittir Almar Þór Sveinsson sem er fjármálastjóri Nesfisks, í Nettó-búðinni heima í Grindavík en Almar er sveitungi minn. Almar vissi að ég hafði farið í gæðastjórnunarnám í Fisktækniskólanum og vissi líka að ég hafði verið verkstjóri hjá Ocean troller á einu af skipum fyrirtækisins í Afríku, þetta fyrirtæki er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims. Almar viðraði þessa hugmynd við mig, hvort ég vildi gerast verkstjóri hjá Nesfiski og svo hittir hann og aðra hjá fyrirtækinu og var boðið starfið. Ég er mjög ánægður í þessari vinnu, þetta er frábært fyrirtæki að vinna hjá. Ég er verkstjóri, er að stjórna á bilinu 80 til 90 manns. Ætli 95% þeirra séu ekki útlendingar, mest Pólverjar en líka fólk frá Asíu, allt saman frábært fólk. Við erum að verka þorsk, ufsa, ýsu, keilu og löngu en langmest erum við í þorski sem við léttsöltum og lausfrystum. Afurðirnar fara svo í gáma og sjóleiðina til kaupendanna. Það eru önnur fyrirtæki Nesfisks sem keyra afurðunum upp á flugvöll, allt okkar fer í gáma.“

## Góður andi

Leifur segir mórallinn í fyrirtækinu mjög góðan sem skipti miklu máli og enski boltinn er þar í stóru hlutverki. „Við erum t.d. sjö í tippkeppni í enska boltanum, bæði við á gólfinu og fólk á skrifstofunni. Við erum með keppni fyrir og eftir áramót, leyfum fjórar tvítryggingar og höldum svo utan um heildarskoru. Ég hef ekki náð mér nógu vel á strik að undanförunu en ég mun koma til baka, það er ég sannfærður um. Áskorandinn í tippkeik Víkurfrétta um daginn er einmitt samstarfsmaður minn, Ævar Jónsson. Hann er á toppnum í okkar leik, ég hélt að hann myndi ná langt í tippkeiknum hjá Víkurfréttum, hann hefði betur hlustað meira á mínar ráðleggingar en minn tími mun koma í tippkeik okkar í Nesfiski. Mig dreymir svo um að fá að spreya mig í tippkeik Víkurfrétta.“

## Nýjar aðstæður

Leifur og hans fjölskylda, hafa eins og aðrir Grindvíkingar þurft að aðlaga sig nýjum veruleika en hvernig sér hann framtíð Grindavíkur fyrir sér?

„Við rýminguna í nóvember fengum við strax bústað við golfvöllinn í Sandgerði sem samstarfsmaður minn hjá Nesfiski á. Það fór mjög vel um okkur en við vorum að færa okkur í íbúð í Hafnarfirði og verðum þar í hálf ár. Konan mín



„Ég er verkstjóri, er að stjórna á bilinu 80 til 90 manns. Ætli 95% þeirra séu ekki útlendingar, mest Pólverjar en líka fólk frá Asíu, allt saman frábært fólk ...“

vinnur í Reykjavík og dóttir okkar er í safnskóla þar svo við ætlum að prófa það en hugurinn leitar á Suðurnesin, við erum að skoða hús

eða íbúð til kaups en hvenær við flytjum svo aftur í Grindavík verður bara að koma í ljós. Við viljum ekkert eins mikið og geta flutt

aftur heim en svona er þetta bara, við verðum bara að taka þessu og gera það besta úr stöðunni,“ sagði Leifur að lokum.

# SPORT



Hafnargötu 29. Reykjanesbæ

40%  
afsláttur

50%  
afsláttur

60%  
afsláttur

70%  
afsláttur

# LAGERSALA

## Viðskiptavinir Krónunnar söfnuðu 4,5 milljónum fyrir Grindvíkinga

Alls söfnuðu viðskiptavinir Krónunnar 4,5 milljónum króna í neyðarsöfnun Rauða krossins á Íslandi þar sem markmiðið er að safna fé fyrir íbúa Grindavíkur. Upphæðin mun renna óskert í söfnun Rauða krossins til að styðja fjárhagslega við íbúa Grindavíkur í kjölfar eldsambrotu á svæðinu. Með söfnuninni bauðst viðskiptavinum Krónunnar að bæta 500 krónum eða meira við innkaup sín þegar verslað var á sjálfsafgreiðslukössum verslana um allt land yfir tveggja vikna tímabil. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, afhenti Kristínu S. Hjálmtýsdóttur, framkvæmdastjóra Rauða krossins á Íslandi, framlag viðskiptavina í höfuðstöðvum Krónunnar í síðustu viku.

„Framlag Krónunnar og viðskiptavina hennar er mjög mikilvægt og sýnir breiðan stuðning í samfélaginu við neyðarsöfnun Rauða krossins, Grindvíkingum til handa,“ segir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, í tilkynningunni.

Guðrún, framkvæmdastjóri Krónunnar, segist ánægð með að geta nýtt lausnir innan verslana til að aðstoða þá viðskiptavini sem vilja leggja sitt af mörkum og styðja bæjarbúa á erfíðum óvissutímum. „Krónan hefur átt í góðu samstarfi við Rauða krossinn í gegnum árin og er ánægjulegt að

geta lagt okkar lóð á vogarskálarnar með því að leggja neyðarsöfnuninni lið með þessum hætti. Söfnuninni í verslunum Krónunnar var ætlað að koma til móts við öll þau sem vildu veita bæjarbúum stuðning og sýnir árangurinn bersýnilega hve auðvelt er að virkja samtakamáttinn meðal landsmanna á ögurstundu sem þessari,“ segir Guðrún.

Öllu fé sem safnast í neyðarsöfnuninni verður úthlutað til Grindvíkinga í gegnum úthlutunarnefnd, að undanskildum kostnaði við úthlutunina sjálfa. Úthlutunarnefndin samanstendur af fulltrúum Rauða krossins, félagsþjónustu Grindavíkurbæjar og kirkjunnar í Grindavík. Hægt er að sækja um fjárstuðning í þjónustumiðstöð Grindvíkinga í Tollhúsinu við Tryggvagötu.



Páll Ketilsson  
pket@vf.is

# Að koma upp vara- hitaveitu skiptir okkur gífurlega miklu máli

■ segir Tómas Mór Sigurðsson, forstjóri HS Orku. Ekki mögulegt fyrir einkaaðila að fara í gerð varnargarða. Lífeyrissjóðir eiga helming í fyrirtækinu.

„Við erum ennþá í þeirri stöðu að Svartsengi er þar sem það er og það er ein pípa frá Svartsengi. Við getum fengið hraun aftur yfir hana. Við munum þá bara verða að bregðast við því eins og við erum að gera núna. Til lengri tíma, og þá er ég ekki að tala um mörg ár, verðum við vonandi komin með lághitaveitur hérna við svæðið og mögulegar tengingar við annað háhitasvæði, t.d. Reykjanesið eða það svæði. Þá getum við sagt að hitinn fer ekki af þegar til lengri tíma er litið. Þá er ég ekki bara að tala um sumar og haust af því að við ætlum að bregðast hratt við þessu – og við erum að bregðast hratt við þessu,“ segir Tómas Mór Sigurðsson, forstjóri HS Orku aðspurður um hvort það sé hægt að koma í veg fyrir að heita vatnið fari aftur af þegar gýs í Grindavík.

Það er óhætt að það sé nýr veruleiki hjá Tómasi og samstarfsfólki hans í HS Orku. Sex eldgos við Grindavík frá mars 2021 og í sjötta gosinu í byrjun febrúar gerðist það sem margir hræddust, að heita vatnið fór þegar logandi hraunið fór yfir Grindavíkurvegin og lögnina í Svartsengi. Við ræddum við Tómas um stöðu mála, hvaða lausnir hann og hans fólk sjái til lausnar. Mikil liggur við því svæðið getur ekki verið heitavatnslaut.

**Sjötta gosið á Reykjaneskaga frá árinu 2021 hafði afleiðingar sem margir höfðu hræddst, þegar heitavatnslögn brast og truflanir urðu á rafmagni. Hversu undirbúin voru þið hjá HS Orku við þessari ógn með heita vatnið?**

„Ég myndi eiginlega segja að við höfum verið eins vel undirbúin og við gátum verið, miðað við allt saman. Árið 2021, þegar gosin byrja er farið í mjög mikla undirbúningsvinnu með almannavörnum og undir stjórn almanna-varna. Þar eru gerðar tilraunir með leiðigardana, lagnir í jörðu og ýmislegt annað sem síðan er notað þegar þetta kemur upp svona nærri byggð, bæði þegar gaus í áttina að

Grindavík og svo í þessu síðasta gosi.

Við vorum búin að byggja skurð. Markmiðið var að fella lögnina að Fitjum, Njarðvíkurlögnina, alveg í jörðu á rúmlega kílómetra kafla. Við vorum búin að byggja tæplega 600 metra skurð og setja lagnirnar ofan í og sjóða saman. Þá gýs, þannig að við vorum á fullu í undirbúningi og hraunið rann yfir núverandi Njarðvíkuræð og yfir skurðinn líka. Við vorum búin að tengja þessa æð ofan í skurðinum, vorum búin að koma vatni á hana en svo gaf hún sig einhverra hluta vegna og það er ekki vitað hvað gerðist því þetta er ennþá undir sem metrum af hrauni.“

**Hvenær byrjuðu þið að undirbúa þessar framkvæmdir? Hefðu þið þurft að byrja eitthvað fyrir, gátu þið það?**

„Við byrjuðum að undirbúa þær með því að safna að okkur efni, hanna það sem þurfti að gera og ganga frá öllu slíku – en það var í raun ekki fyrir en almannaástand skapast þarna 10. nóvember sem hægt var að fara í allar þessar framkvæmdir undir forræði almanna-varna, þetta er þannig ástand.

Þá eru varnargarðarnir gerðir og skurðirnir grafnir.

Við vorum hins vegar búin að undirbúa Grindavík, búin að byggja lögn í þá átt og fella hana í jörðu í samstarfi við HS Veitur því þeir eiga stóran hluta af þeirri lögn. Það var búin að vinna það og hraun rann yfir það og það sýndi sig virka þó það virðist vera að hún leki undir hrauninu. Við vorum í miðjum aðgerðum til að undirbúa ef eitthvað svona kæmi upp á.“

**Það hefur komið fram gagnrýni, meðal annars af hverju þetta var ekki búinð fyrir? Er þetta eitthvað sem hefði verið hægt að gera miklu fyrr?**

„Þessir atburðir byrja í raun og veru fyrir þremur árum síðan og þá eru þeir upp við Geldingadali, þá hefst undirbúningur; kortlagning á svæðinu, hönnun á mannvirkjum, tilraunir í hrauninum og annað þess háttar. Ég get ekki séð að við hefðum getað verið betur undirbúin, við erum með efni til þess að bregðast við. Vissulega fór heitt vatn af í Reykjanesbæ og á Suðurnesjum en við vorum með allt efni til staðar, það var búin að undirbúa það hvernig farið yrði yfir hraunið, sem vissulega var mikið afrek, og ég get ekki séð að við hefðum getað verið betur undirbúin heldur en við vorum.“

**Þannig að þetta er ekki mál sem þið hefðu getað gert fyrir tveimur árum síðan.**

„Í þeirri stöðu þarftu að meta hvar getur hraun mögulega komið upp – og það var ekki hægt að segja það fyrir. Það sem gerist síðan í



”

... Við erum að eiga við náttúruhamfarir en auðvitað eru þetta bara pólitískar skoðanir. Við erum hins vegar fimm tíu prósent í eigu lífeyrissjóðanna þannig að við erum í almanna-eign hvað það varðar“ ...

þessum mikla atburði 10. nóvember, þó þar hafi ekki verið gos þá var þar í raun og veru mjög mikill jarðfræðilegur atburður og Grindavík gliðnar og allt þetta, þá er farið í að byggja þessa varnargarða og menn sjá svona nokkurn veginn eftir hvaða sprungum hlutirnir munu gerast. Sem hefur síðan staðist.“

**Ef það gýs innan varnargarðanna, hvernig eruð þið undirbúin fyrir það eða er hægt að undirbúa það?**

„Við höfum miðað allan undirbúning fyrst og fremst við það að bjarga fólki, númer eitt, tvö og þrjú, og að vernda eins mikið af mannvirkjum og hægt er. Ef það gýs innan varnargarða þá myndum við náttúrulega fyrst og fremst reyna, fyrir utan að koma okkar fólki á öruggan hátt í burtu og öllum sem þar væri, að tryggja að borholurnar yrðu heilar því það hefur sýnt sig erlendis að ef hraun rennur yfir virkjanir og annað þess háttar, ef að borholur eru varðar strax með mól og sandi þá er hægt að grafa niður á þær fljótt og tengjast aftur. Þannig að við höfum verið að búa til viðbragðsáætlanir hvað þetta varðar. Með það að hægt sé að fara fljótlega í holar aftur eftir að gosi lýkur þá getum við stýtt tímum sem líður þangað til hægt er að fara aftur að nota holurnar og í raun og veru jarðhitann.“

**Hafið þið skoðað verstu sviðsmyndina, að það myndi bara koma óvænt sprunga eða gos alveg við orkuverið?**

„Já, við höfum vissulega gert það og við sáum fyrir að mögulega gæti þetta farið allt undir hraun og þess vegna höfum við verið að undirbúa alls konar aðrar lausnir með hitaveitur, bæði frá Reykjanesi, lághitaveitur og ýmislegt annað – en það sem hefur sýnt sig að eftir þennan atburð 10. nóvember, og þetta staðfesta vísindamenn frá

Veðurstofunni, að á svæðinu undir Svartsengi, sá fleki, það hafa ekki orðið neindir jarðskjálftar þar. Það er eins og bergið hafi þéttst mjög mikið þar. Við höfum líka séð þetta í holunum okkar, þannig að það er mat sérfræðinga að það svæði sem er núna innan varnargarðsins sé öruggara og ólíklegra að hraun komi upp þar. Hins vegar er augljóst að þessi Sundhnúakagigaröð er þar sem veikleikinn er og þar kemur kvikan upp. Þess vegna voru garðarnir mikilvægir og veita okkur vernd á þessu svæði, okkar mannvirkjum. Veikleikinn eru lagnir til og frá Svartsengi, það er verið að hækka háspennulínurnar, við erum að ganga frá Njarðvíkuræðinni ofan í jörðu, við erum að láta hanna nýja Njarðvíkuræð sem yrði farin eftir annarri leið, hæst í landi, önnur lögn og lagnastokkur. Þannig að þetta er allt saman eitthvað sem þarf að gera og það hratt – en það sem við getum brugðist hraðast við er einmitt það sem við gerðum, leggja lagnir hratt og örugglega og tengja aftur það sem skemmist.“

**Hvað með heita vatnið? Það er það sem flestir voru hræddir við ef það myndi fara, það hefur svo gríðarleg áhrif. Hvaða lausnir eru þar?**

„Í grunninn er Njarðvíkuræðin ekkert slæm, ástandið á henni er bara nokkuð gott og við höfum látið gera úttekt á því. Allt viðhald á henni hafði verið gott og það var búin að skipta um fóðringu, kápu utan um hana. Þannig að vandamál sem voru kannski áður, tæring og annað slíkt, það var búin að koma í veg fyrir það. Þannig að við vorum að meta mögulega aðrar hitaveitur, aðrar leiðir, eða þá að setja Njarðvíkuræðina í jörðu og þess vegna gerðum við það, við settum langan kafla ofan í jörðu og munum örugglega reyna að gera það aftur. Síðan þarf að finna aðrar leiðir sem eru fjær því sem hraunrennslislíkön segja. Nú ef að gýs í Eldvörpum þá er ógnin hinum megin frá, þannig að það þarf að passa þetta hvoru tveggja.“

**Eruð þið núna að vinna til hliðar með bráðabirgðalausnir? Það hefur verið talað um varma-skiptistöð og katla.**

„Já, við erum að vinna að fjölda lausna. Við erum í fyrsta lagi byrjaðir að bora fyrir lághita á Njarðvíkurheiðinni og líka á Roms-hvalanesi. Svo erum við líka með



Sjötta eldgosíð í Sundhjúkagígum hófst 8. febrúar. VF-mynd/hilmabragi.





virkjun á Reykjanesi, við höfum skoðað og hannað hvernig er að setja upp hitaveitu þar. Það er ekki eins augljóst og það hljómar, bæði er mjög lítið af fersku vatni þar vegna þess að allt vatnið sem við fáum úr jarðhitageyminum er bæði fullt af steinefnum og salti og lághitavatnið er líka salt, þannig að með allar lausnir þurfum að finna ferskvatn líka. Við höfum líka verið að horfa til Stóru-Sandvíkur sem mögulegar hitaveitu. Þannig að við höfum fyrst og fremst horft á lághitaveitur hér við byggð, nærri Fitjatönkunum, verja Svartsengi vel, mögulegar lausnir eins og að hita með kötlum. Við erum að láta smíða afloftara fyrir slíkar lausnir, þannig að það sé hægt að tengja svona katla ef það kemur til. Svo var mjög margt sem kom upp í þessum atburði, sem sýndi sig – eins og HS Veitur brugðust afskaplega vel við og fóru að flytja vatn inn á svæðið í tönkum sem náði að halda þessum ystu byggðum öruggum, sem skiptir máli. Þannig að allt þetta, gott samstarf milli fyrirtækjanna sem hefur alltaf verið og þessar ýmsu lausnir sem við vinnum saman, bæði rafmagnshitun og svo heitavatnshitun, þetta er allt saman blanda af lausnum sem farið er í og er verið að kortleggja.“

#### Hvað er efst á listanum til að verja heita vatnið núna?

„Við erum búin að verja lögnina sem við lögðum þarna strax. Þannig að það var fyrst farið í það, alveg eins og skot, að verja þessa varalögn sem var lögð. Við erum búin að fá aðrar pípur frá Orkuveitunni og Landsvirkjun ef þetta kemur upp aftur. Þá förum við örugglega í sömu aðgerð. Við erum líka búin að panta utan frá, þannig að þetta er svona fljótlegasta aðgerðin núna í vetur. Til lengri tíma lítið vonum við að lághitaveiturnar, sem við erum að byggja hérna, komi til með að anna grunnþörf samfélagsins ef að eitthvað kemur upp á í Svartsengi og það dettur út í einhverja daga eða vikur. Svo eru fleiri mögulegar hitalausnir hérna á svæðinu.“

**Þið erum með marga sérfræðinga og það eru til margir sérfræðingar fyrir utan ykkar fyrirtæki. Það hafa verið að gerast hlutir sem jafnvel sérfræðingar hafa ekki verið að sjá fyrir og lausnir jafnvel flóknar. Hvað segja þínir menn?**

„Við erum með alveg frábært lið hjá HS Orku í auðlindastýringu. Ofboðslega flotta vísindamenn sem hafa verið í nánu samstarfi við Veðurstofuna og hennar vísindamenn. Saman lesa þau í gögn sem við söfnum úr okkar borholum og Veðurstofan safnar í sínum mælingum. Núna erum við búin að sjá það, með því að fylgjast náið með okkar borholum, að við getum séð fyrr hvenær stefnir í gos. Fyrr en gert var áður og hver mínúta skiptir máli þegar þú ert að reyna að bjarga fólki, koma fólki og mannvirkjum í öruggt skjól. Þannig að það hefur verið mjög merkilegt að fylgjast með því. Svo verð ég líka að segja að hraunið

sem rann síðast rann miklu hraðar en við höfðum reiknað með og við erum nú með mjög góð hraunlíkón sem Almannavarnir eru búnar að láta smíða fyrir svæðið í heild sinni og þau hafa spáð vel fyrir hingað til, þannig að þetta var svölitið öðruvísi eðlið á þessu hrauni þó að þetta komi allt úr sama geyminum.“

#### Talandi um nýja hitaveitu, hugmyndir um sorpbrennslustöð hafa komið upp. Hvað getur þú sagt okkur um þá hugmynd?

„Mér finnst sú hugmynd, þjóðarbrennsla hér í Helgukvíl, vera mjög góð. Þar yrði til mikill varmi sem hægt væri að nota eins og við gerum í Svartsengi, því við hitum bara upp ferskvatn. Nota þann varma sem myndast þar til að hita upp ferskvatn og hita svæðið í heild sinni eða að hluta til. Ég myndi segja að það er alveg gríðarlega mikilvæg varaveita en samt yrði grunnveita alltaf notuð og þá myndi í raun og veru vera til meiri gufa til að framleiða rafmagn líka, sem okkur vantar líka í Svartsengi. Við notum vissulega gufu sem við gætum notað til rafmagnsframleiðslu til að hita upp vatn þar. Þannig að ég myndi segja að ef mögulegt er ætti að leggja mikla áherslu á að fá slíka brennslu hingað inn á svæðið – fyrir allt landið.“

#### Þannig að þetta væri í raun orkuver líka?

„Þetta væri orkuver líka og þetta er þannig erlendis – og þetta er ekki eitthvað sem ríkið þarf að byggja. Það eru einkaaðilar, það eru sjóðir sem sérhæfa sig í þessu og það myndu sparast þjóðhagslega miklir fjármunir, því við erum að flytja sorp úr landi fyrir milljarða. Það er eiginlega bara allt gott við svona þjóðarbrennslu hér á þessu svæði.“

#### Það er líka talað um að langstærsti hluti af sorpi verði til á suðvesturhorninu, þar sem

”

... það er Almannavarna að ákveða að gera svona, byggja svona garða og annað slíkt. Það er mjög flókið fyrir fyrirtæki að fara að sækja um leyfi og fara að byggja garða til þess að beina hrauni yfir á annarra manna land eða fasteignir“ ...



#### flestir búa eðlilega. Þannig að þetta væri ekki langt að fara í rauninni.

„Nei við höfum líka krítíska stöðu hér gagnvart t.d. alþjóðlegum flugvelli og varnarsvæði, þannig að koma okkur upp varahitaveitu skiptir okkur gífurlega miklu máli. Við höfum verið þátttakendur í þessu verkefni einmitt vegna þess að Svartsengi hefur verið frábært fyrir svæðið í langan tíma. Það hefur gert það að verkum að það hefur ekki verið rannsakað neitt annað, eins og t.d. lághitinn hérna á svæðinu. Hann hefur ekkert verið rannsakaður frá 1960 og byrjun 1970 árunna. Þannig að við höfum bara treyst Svartsengi.“

Við erum í annarri stöðu núna, svæðið er í rosalegri uppbyggingu og við berum skyldur gagnvart íbúum og gagnvart atvinnulífi, þannig að mér finnst svona tækifæri vera eitthvað sem við verðum að skoða.“

#### Sæir þú HS Orku koma að svona verkefni, sorpbrennslustöð?

„Alla vega að hitaframleiðslunni í slíkri stöðu, klárlega. Við erum ekki sérfræðingar í sorpbrennslu en að framleiða varma og koma honum til skila til HS Veitna sem dreifir honum, við myndum klárlega taka þátt í því.“

#### Nú hefur komið upp í umræðunni að undanförunu, þegar heita vatnið fór, eignarhaldið á HS Orku. Forsætisráðherra sagði t.d. á Alþingi eftir heimsókn hjá ykkur um daginn að það væri líklega heppilegra að þetta væri í opinberri eigu. Hvað viltu segja um þetta?

„Þetta eru bara pólitískar skoðanir og ég ber bara virðingu fyrir fólki með sínar skoðanir. Eignarhald HS Orku er náttúrulega bara við öll, lífeyrissjóðirnir eiga helminginn í fyrirtækinu og hinn helmingurinn er í eigu bresks innviðafjárfestis sem er líka að höndla með lífeyrissjóðapeninga Breta og

fjárfesta víða í svona innviðum og við fáum mjög góðan stuðning frá þeim. Að sama skapi má líka spyrja sig, það verður rafmagnslost á Vestfjörðum, það verður rafmagnslost á Vesturlandi á sama tíma og við lendum í þessu. Það er ríkisrekið fyrirtæki, ég get ekki séð að það skipti öllu máli í þessu samhengi. Við erum að eiga við náttúruhamfarir en auðvitað eru þetta bara pólitískar skoðanir. Við erum hins vegar fimmtíu prósent í eigu lífeyrissjóðanna þannig að við erum í almannaeygn hvað það varðar.“

#### Það hefur komið upp í umræðunni 33 milljarða arðgreiðslur í þessu. Þá er verið að benda á að fyrirtækið sem sé að stórum hluta, alla vega til helmings, í eigu útlensks einkaaðila. Og eigendurnir hugsi meira um að taka úr meiri arð.

„Jú, jú, 33 milljarðar eru náttúrulega yfir mjög langt tímabil og miklu lengra en núverandi eigendur hafa tekið þátt í rekstri fyrirtækisins. Stærsti einstaki atburðurinn er í raun og veru þegar hlutabréf HS Orku í Bláa lóninu eru tekin út. Það er stærsti hlutinn. Síðan að núverandi eigendur komu inn, fyrir utan þessa Bláa lóns hluti, hafa verið greiddur þrjár og hálfur milljarður út í arð á fjórum árum en við höfum fjárfest fyrir og erum að fjárfesta fyrir 30 milljarða á svæðinu, í innviðum og orkumannvirkjum, og við fáum gífurlegan stuðning frá okkar hluthöfum – og alltaf þegar við höfum þurft að fara í nýjar fjárfestingar þá höfum við fengið hutafjárinnspýtingu frá þeim. Þannig að þetta jafnar sig nú allt út og það er þvert á móti mikill styrkur að eiga svona sterka hluthafa sem hafa stutt okkur í allri þeirri uppbyggingu sem við höfum farið í og ætlum að fara í. Þannig að ég sé þetta ekki sem neitt vandamál.“

#### Og útlensku aðilarnir, hvernig list þeim á þessa uppákomu sem er búin að vera undanfarið?

„Þeir eru innviðafjárfestir, sérhæfa sig í svona og hafa séð ýmislegt. Við fáum mjög góðan stuðning frá þeim. Stjórnarmennirnir frá þeim hafa gífurlega reynslu í rekstri orkufyrirtækja, alveg sérstaklega góða reynslu fyrir okkur Íslendinga að fá að njóta. Auðvitað kemur þetta á óvart en þetta er jarðhiti, við erum að eiga við jarðhita og menn gera sér grein fyrir því að þegar þú ert að vinna á háhitasvæði þá getur þetta komið upp. Ég hef ekki fundið fyrir neinu nema bara stuðningi í öllum þeim aðgerðum okkar og bara aðdáun á því hvernig allir hafa brugðist við. Ég er gífurlega stoltur af viðbragði okkar starfsmanna, Almannavarna og samstarfi við aðra aðila á þessum umbrotatímum og mér finnst allir hafa staðið sig mjög vel og við verið eins vel undirbúin og við gátum verið.“

#### Tvíþætt spurning með varnargarðana. Hver er þín skoðun á þeim og hvernig þeir voru uppbyggðir og hitt sem hefur verið mikið gagnrýnt, af hverju eru fyrirtæki eins og ykkar og Bláa lónsins ekki að taka þátt í kostnaði við gerð þeirra?

„Við erum náttúrulega í almannavarnaástandi og það er Almannavarna að ákveða að gera svona, byggja svona garða og annað slíkt. Það er mjög flókið fyrir fyrirtæki að fara að sækja um leyfi og fara að byggja garða til þess að beina hrauni yfir á annarra manna land eða fasteignir. Ég efast um að nokkuð fyrirtæki fengi leyfi til að gera það. Við í raun og veru höfum ekkert um það að segja hvar garðarnir eru byggðir. Það eru bara gerð líkón sem miða við það að vernda þennan krítíska innvið og persónulega finnst mér Bláa lónið vera krítískur innviður.“

Framhald á bls. 10.



Hér má sjá hvernig varnargarðarnir eru staðsettir í kringum orkuverið í Svartsengi og Bláa Lónið. Mynd: JónSteinar.



## Framhald af bls. 9.

Við leggjum höfuðáherslu á það í dag að efla túrisma og annar hver túristi kemur þangað. Flestir út-lendingar sem ég tala við finnst mjög eðlilegt að það sé varið líka. Að það sé krítískur innviður líka fyrir túrismann en við höfum enga beina aðkomu að því hvar þeir eru lagðir, það eru bara ráðgjafar Almanna- og Brynjar Steinarssonar sem gerar það en við vinnum hins vegar með þeim. Við undurbjuggum með þeim t.d. hvar eru tækifæri til staðar ef til þess kæmi að það þyrfti að byggja garða en það er ekkert augljóst fyrr en menn sjá svona betur hvar mögulega gos kemur upp, og hvað þarf að verja, hvar slíkir garðar eru byggðir eins og við sáum t.d. með Grindavík.

**Þannig að þetta voru alltaf opinberir aðilar sem voru að fara að byggja þessa garða og þ.a.l. á þeirra kostnað.**

„Það er þannig sem almanna- varnir virka.“

**Nú hlýtur að hafa verið skritið að stýra fyrirtækinu undanfarið, sérstaklega frá 10. nóvember. Þið þurftuð að rýma ykkar húsnæði í Svartsengi, hvernig hefur það verið?**

„Það hefur náttúrulega verið mjög sérstakt. Við höfum verið á hrakhólum síðan þá, vorum reyndar að taka í notkun nýja skrifstofu í Reykjanesbæ. Þannig að það er gott að vera komin með góða aðstöðu en við erum hálfpartinn búin að vera í Covid-ástandi, á hrakhólum og ekki með beinar starfsstöðvar því okkar höfuðstöðvar voru í Svartsengi og þar var mjög gott að vera – en húsnæðið þar er ekki talið öruggt eins og staðan er núna, – sjálf skrifstofan en orkuverin hafa staðið sig frábærlega. Þetta hefur bara verið mjög sérstakt og við höfum þurft að leggja mikla áherslu á að vinna saman og halda fólkinu saman. Það hefur gengið mjög vel enda er þetta fyrirtæki þar sem allir eru mjög stoltir af því að vinna hjá HS Orku. Við erum ánægð með það sem við erum að gera, það er góður andi og fólk vill vinna saman, hjálpa til við að leysa þessi vandamál. Þannig að það hefur gengið ótrúlega vel.“

**Er Svartsengi þá algerlega fjarstýrt núna eða eruð þið með starfsmenn þar eitthvað?**

„Við fluttum allan reksturinn yfir í Reykjanesvirkjun og þaðan er í raun og veru rekstrinum öllum stýrt í dag. Vissulega fer fólk núna inn og vinnur verk í Svartsengi yfir daginn í viðhaldi og öðru slíku,



Nær engin starfsemi hefur verið í höfuðstöðvum HS Orku síðan 10. nóvember 2023.

þannig að það eru alla jafna tíu, tólf manns í Svartsengi yfir daginn.“

**Það er kannski hægt að segja að það séu búinir að vera að gerast fullt af nýjum hlutum í þínu starfi og ykkar undanfarna mánuði. Þegar þú horfir til baka nokkra mánuði og ár þá er þetta líklega ekki það sem þú gerðir ráð fyrir að myndi gerast?**

„Nei, ekki frekar en allir. Við gerðum ekki ráð fyrir að við værum að fara inn í nýtt umbrotatímabil sem gæti varað í einhver ár. Þetta er algerlega nýr veruleiki. Ég kom til starfa hjá HS Orku til að taka þátt í uppbyggingunni og við höfum gert það. Við stækkuðum Reykjanesvirkjun, við erum að stækka Svartsengi og við viljum fara í fleiri verkefni. Það er það sem

við höfum áhuga á að gera. Þetta hefur verið meira viðbragðs- og krisustjórnun, það verður að viðurkennast eins og er, og við þurfum að koma því í ákveðinn farveg því þetta er þessi veruleiki sem við erum að lifa við – og tryggja núna öruggan rekstur í Svartsengi og örugga afhendingu á heitu vatni og rafmagni hingað á svæðið.“

**Þannig að ertu þrátt fyrir allt þokkalega bjartsýnn?**

„Já, maður verður alltaf að vera bjartsýnn. Ég er það en það eru fjölmargir sem eru að hjálpa okkur við að halda svæðinu öruggu og ég er líka mjög þakklátur fyrir það. Fyrir hönd allra hér á svæðinu og fyrir hönd okkar sem rekum fyrirtæki hér á svæðinu. Almanna- varnir eru búinir að standa ótrú-

lega að baki þessara aðgerða allra og standa í ströngu á hverjum degi. Þannig að við erum mjög þakklát fyrir það allt saman, allan þann stuðning.“

**Hefur samstarfið við Almanna- varnir og lögreglustjóra alltaf gengið vel?**

„Alltaf verið til fyrirmyndar og við erum í mjög mikilli samvinnu við þessa aðila. Ég ætla bara að fullyrða það að tími sérfræðinga og stjórnenda á HS Orku síðustu mánuði hefur bara farið í þetta og ekkert annað, allt annað verið á bið, og her manna unnið að þessu núna, undirbúningi og öðru, í þrjú ár – en það er ekki fyrr en atburðurinn gerist að hægt er að bregðast við ýmsum af þessum þáttum.“



Hraunbreiðan eftir eldgosin 18. desember og 8. febrúar. Fyrir miðri mynd má sjá Stóra-Skógfell. Í fjarska má sjá gufustrókin frá orkuverinu í Svartsengi. VF/Jón Steinar

## HS Orka opnar skrifstofu í Reykjanesbæ

HS Orka hefur opnað skrifstofu í Krossmóa í Reykjanesbæ. Þar munu 12-15 starfsmenn fyrirtækisins verða staðsettir að staðaldri en aðrar starfsstöðvar fyrirtækisins verða eftir sem áður í Svartsengi, Reykjanesvirkjun og í Turninum í Kópavogi.

Samhliða flutningum í Krossmóa hefur aðstaða fyrirtækisins í Turninum í Kópavogi verið stækkuð til að rúma betur annað starfsfólk sem áður hafði aðsetur í Svartsengi. Flutningarnir koma í kjölfar þess að ekki er talið óhætt að flytja alla starfsemi fyrirtækisins í bráð í höfuðstöðvar þess í Svartsengi eftir umbrot síðustu fjögurra mánaða. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.

### Vinnustaður á hrakhólum

Starfsemin í Krossmóa hafði áður fast aðsetur í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Svartsengi en jarð-

hræringar og eldsumbrot síðustu mánaða valda því að óvíst er hvort og þá hvenær hægt verður að snúa þangað á nýjan leik. Í dag er lágmarksmannskapur þar við störf, einkum við rekstur orkuversins, en fyrir náttúruhamfarirnar í nóvember höfðu nær allir 90 starfsmenn HS Orku starfsaðstöðu í Svartsengi.

Skrifstofurnar nýju eru á annari hæð í Krossmóa. Þær eru rúm- góðar og bjartar en þar verða 12 fastar starfsstöðvar auk þess sem nokkur dagborð verða aðgengileg fyrir annað starfsfólk fyrirtækisins. Einnig er í húsnæðinu góð aðstaða til fundahalda.



### Hornsteinn í héraði

Gaman er að geta þess að HS Orka hefur nú komið sér fyrir á svipuðum slóðum þar sem samningar voru gerðir við landeigendur á frægum hitafundi fyrir rétt um 50 árum. Sá fundur lagði grunninn að Hitaveitu Suðurnesja en fundurinn stóð langt fram eftir nóttu og

var einmitt haldinn steinsnar frá Krossmóa, í Iðnskóla Suðurnesja þar sem Fjölbautarskóli Suðurnesja stendur nú. Hitaveita Suðurnesja var stofnuð 31. desember árið 1974 sem sannkallaður hornsteinn í héraði og fagna fyrirtækin tvö sem byggja á þeim grunni, HS Orka og HS Veitur, því hálfra aldar afmæli í árslok.

**Tómas Már Sigurðsson, forstjóri HS Orku, og Brynjar Steinarsson, framkvæmdastjóri KSK, undirrituðu leigusamninginn. Með þeim eru starfsmenn frá HS Orku og Karl Jónsson, lögmaður. VF/pket**

”

...Þetta hefur verið meira viðbragðs- og krisustjórnun og við þurfum að koma því í ákveðinn farveg því þetta er þessi veruleiki sem við erum að lifa við – og tryggja núna öruggan rekstur í Svartsengi og örugga afhendingu á heitu vatni og rafmagni hingað á svæðið“ ...

**Þið eruð búin að vera í vörn en þurfið að vera í sókn líka.**

„Já, við þurfum að sækja líka. Við erum að endurbjuggja hluta af virkjuninni í Svartsengi og við erum líka nýbúin að taka í gagnið nýja virkjun á Reykjanesi og við erum að bora eftir meiri gufu á Reykjanesi, einmitt til þess að styrkja þá virkjun.“

**Þið eruð nýbúin að stækka Reykjanesvirkjun.**

„Já og svo erum við búin að fjárfesta í virkjun úti á landi, Fjarðararvirkjun á Seyðisfirði, þannig að við erum í stækkunarfasa og ætlum ekkert að hætta því.“



# Engir gígar í bæjarstæði Grindavíkur

**Vandasamt að hleypta vatni á bæinn. Lögreglustjóri vonar að hægt verði að opna bæinn fyrr eftir næsta gos.**

„Það eru engir gígar í bæjarstæði Grindavíkur,“ segir Sigurður Ágústsson, fyrrum lögreglumaður og sveitarstjórnarmaður í Grindavík. Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra hélt upplýsingafund fyrir íbúa Grindavíkur í Laugardalshöllinni mánudaginn 26. febrúar, þar sem farið var yfir stöðu jarðhræringa og innviða í og við Grindavík.

Þau Freysteinn Sigmundsson frá Háskóla Íslands og Kristín Jónsdóttir frá Veðurstofu Íslands, fóru yfir stöðu jarðhræringanna og sýndu hugsanlegt hraunflæði ef eldgos kemur upp á þeim stöðum sem talið er líklegast að það komi upp. Ari Guðmundsson hjá Verkís fór yfir vinnuna við Varnargarðana og Hallgrímur Örn Arngrímsson sem sömuleiðis vinnur hjá Verkís, fór yfir stöðu og framhaldið á jarðkönnunum. Atli Geir Júlíusson, sviðsstjóri á Skipulags- og umhverfissviði hjá Grindavíkurbæ, fór yfir stöðu innviða í Grindavík. Reynir Sævarsson hjá EFLU fór yfir stöðuna á rafmagni og heitu vatni í Grindavík og lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Úlfar Lúðvíksson, fór yfir hvernig tekist hefur með opnun aftur inn í Grindavíkurbæ og hvernig hann sér framhaldið fyrir sér.

## Engir gígar í bæjarstæðinu



Sigurður Ágústsson, fyrrum lögreglumaður og bæjarstjórnarmaður í Grindavík, tjáði sig á fundinum og þar áður hafði hann látið í sér heyra þegar Kristín Jónsdóttir fór yfir stöðu jarðhræringanna. Sigurður sagði henni að aldrei hafi verið eldgos í Grindavík og í spurningum í lokin spurði hann hvernig á því stæði að sumir fræðingar vildu meina að ekki hafi verið kvikugangur undir Grindavík 10. nóvember. Hann bað Freysteinn og Kristínu um sitt álit á því.

„Ég byggji mína sýn á því að árið 1991 var ég á ráðstefnu Almannaþingar ríkisins. Á þessari ráðstefnu kom fram að Grindavík væri í mestri hættu varðandi eldgos. Verk-

fræðingar á þeim tíma voru búnir að teikna upp varnargarða sem áttu að leiða hraunið til austurs, það hefði verið betra að mínu mati en því verður auðvitað ekki breytt núna. Á þessum fundi kom fram að engir gígar eru í bæjarstæði Grindavíkur en þeir eru allt í kringum okkur. Þess vegna tel ég að það hafi ekki verið hætt á eldgos 10. nóvember og finnst skrytið að þessir fræðingar geti ekki komið sér saman um hvort raunveruleg hættu hafi stafað þá eða ekki. Ég yrði ekki hræddur við að flytja til Grindavíkur strax í dag ef það væri í boði,“ sagði Sigurður.

## Vandasamt að hleypta vatni á bæinn



Atli Geir Júlíusson er sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur. „Staðan er þannig að við erum búnir að hleypta köldu vatni inn á hafnarsvæðið og munum hleypta á íbúðabyggðina í áföngum. Þar sem eldgos liggur í loftinu viljum við bíða og sjá hvar

það muni koma upp. Að hleypta vatni aftur á bæinn er vandasamt verk og við erum með pípara með okkur því, þeir eru að kíkja á vatnsgrindurnar. Það eru hugsanlega frostskemmdir einhvers staðar og því þarf að vanda til verka þegar hleypt verður á hús, ég vona að við getum látið eitthvað frá okkur í lok vikunnar varðandi hvernig því verður háttáð. Svo þarf líka að skoða fráveituna, ég held að hún sé löskuð í austurhluta bæjarins en hef á tilfinningunni að hún sé í lagi annars staðar en það á eftir að mynda það. Fólk getur hugsanlega pissað og kúkað í eigin klósett í lok næstu viku en ég vil ekki lofa einu né neinu með það, sjáum hvar næsta



eldgos kemur upp og svo tökum við stöðuna. Það varð ekki mikil aflögun í bænum við síðasta gos, vonandi kemur næsta upp talsvert frá bænum og eftir það verður hægt að meta framhaldið,“ sagði Atli Geir.

## Nauðsynlegt að koma atvinnulífinu í gang



Úlfar Lúðvíksson er ánægður með hvernig hefur gengið síðan höft voru tekin af 20. febrúar. „Þetta hefur gengið vel myndi ég segja, það eru fáir sem kjósa að fara í bæinn og enn færri sem kjósa að gista. Við mælumst áfram gegn því en það er nauðsynlegt að koma atvinnulífinu af stað, það er mjög jákvætt. Við viljum halda lífi í bænum og erum að gera það, gerð varnargarða hefur gengið vel og þeir veita mikla öryggisstillingu. Það hefur skapast mikil reynsla í þessum eldgosum að undanförunu, við biðum eftir sjöunda eldgosinu núna á þremur árum og því fjórða á undanförunum mánuðum. Ef eldgos kemur upp á þægilegum stað ef svo má að orði komast, á ég ekki von á öðru en við getum opnað bæinn fyrr en við gerðum síðast. Við erum að læra á þetta líka og sú reynsla sem hefur skapast til þessa mun koma okkur að góðum notum. Við munum



alltaf rýma bæinn þegar við fáum tilkynningu frá Veðurstofunni, sama þótt eldgos sé ekki nálægt Grindavík því við vitum aldrei hvort það komi upp á öðrum stað nær byggð. Ég á samt von á því að við munum opna fyrr inn í bæinn eftir að atburðinum lýkur,“ sagði Úlfar.

## Ekki hægt að stinga hausnum í sandinn



Hörður Guðbrandsson er formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur. Hann hefur verið talsvert í fréttum að undanförunu þar sem hann hefur mótmælt ákvörðun lögreglustjóra með að hleypta fólki aftur inn í Grindavík. Þó er misskilningur í gangi.

„Mín gagnrýni beinist að því að mér finnst menn ekki vera að vinna með það hættuástand sem er t.d. búið að skapast núna. Að mínu mati ætti að rýma bæinn strax því eldgos er yfirvofandi. Hins vegar er það misskilningur að ég vilji alfarið loka bænum. Það á að opna bæinn fyrr eftir eldgos en loka honum svo þess á milli. Eins og þetta hefur verið undanfarið er hægt að hafa bæinn opinn í þrjár vikur en loka honum svo í viku þegar eldgos er við það að bresta á.

Andinn hjá mínum skjólstæðingum er mjög mismunandi, sumir æstir í að komast til vinnu en aðrir sem þora ekki fyrir sitt litla líf að snúa til baka, og allt þar á milli. Þeir sem ekki treysta sér til vinnu geta ennþá nýtt sér framlag ríkisins en svo er að hrúgast inn á sjúkrahúsið hjá mér, fólk sem er komið í veikindafri. Það fólk þarf tíma og úrvinnslu sinna mála en það þarf að vinna með þessu stöðu, það þýðir ekki að stinga hausnum í sandinn,“ sagði Hörður.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

## Flóttafólk og umræðan

Þegar umræða í samfélaginu er komin algerlega út um allt og varla vit í henni lengur er mjög mikilvægt að kjörnir fulltrúar, sem starfa í umboði íbúa landsins, tjái sig og bendi á mikilvægu atriðin og réttu staðreyndirnar.

### Reykjanesbær er með tvo samninga í gildi varðandi fólk á flóttu

Annars vegar er samningur um alþjóðlega vernd – alls 70 manns. Þennan samning höfum við verið með frá 2004. Ekki hefur verið fjölgað í þessum samning, þrátt fyrir beidni þar um.

Hins vegar er samningur um samræmda móttöku flóttafólks – alls 264 manns. Árið 2023 samþykkti sveitarfélagið að taka á móti 350 manns með skilyrðum um fækkun. Nýi samningurinn nú hljóðar upp á 250 manns. Ekki hefur verið samþykkt að fjölga í þessum samning, þrátt fyrir beidni þar um.

Staðreynd málsins er að Vinnu- málastofnun ber samkvæmt lögum að taka á móti og hýsa flóttafólk. Þar sem sveitarfélagið neitaði að stækka sína tvo samninga ákvað stofnunin, sem er ríkisstofnun, að sjá um þetta fólk sjálf þar sem ekki var mikið af öðrum sveitarfélögum að taka við fólki en þau eru nú fjórtán í heildina af 64 sveitarfélögum, eða 22%! Þessi fjöldi, sem Vinnu- málastofnun sér um í okkar sveitarfélagi, er um 1.119 manns. Þessi fjöldi er hér vegna ákvörðunar umræddrar stofnunar að taka á leigu húsnæði í Reykjanesbæ. Aftur, þetta

er stofnun á vegum íslenska ríkisins undir stjórn ráðherra. Hvorki sveitarfélagið sjálft né meirihlutinn stýrir því ef ríkisstofnun tekur á leigu húsnæði í okkar sveitarfélagi. Við komum ekki að þessu máli á neinn hátt. Að halda öðru fram er lygi.

Það að lesa grein bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ var frekar skondið en þar heldur hann fram að stjórnleysi í málaflökki flóttafólks, búseta þeirra í sveitarfélaginu á vegum Vinnu- málastofnunar og kostnaður verndar á Íslandi sé á vegum vinstri meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.

Vinstri meirihlutinn eða Samfylkingin hefur hvorki firið sig ábyrgð né gert lítið úr okkar ábyrgð á móttöku flóttafólks. Sökudólgur eða ekki, ríkið er með umræddan ráðherra sem stýrir Vinnu- málastofnun sem er með málefnið, húsnæðið og ber ábyrgð á ákvörðuninni um að setja þennan mikla fjölda hér í Reykjanesbæ. Erfitt er að standa á móti ríkinu sem hefur þegar gert samninga í okkar sveitarfélagi sem við getum ekki lagalega haft nein áhrif á.

### Að lokum er mikilvægt að benda á umfjöllun liðinna ára um málefnið:

Velferðarráð Reykjanesbæjar – október 2018: Velferðarráð Reykjanesbæjar hafnaði beidni um að sjá um þjónustu við fleiri hælisleitendur en bærinn aðstoðar nú allt að 70 hælisleitendur.

Reykjanesbær samþykkti ekki tillöguna eins og áður sagði en Þórhildur Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar, segir að þótt svo hafi verið >> þá breytti það ekki áformum stofnunarinnar um nýtingu húsnæðisins til þjónustu fyrir hælisleitendur.

### Vísir – ágúst 2022:

Meirihluti sveitarstjórnar Reykjanesbæjar er ósáttur við þrýsting ríkisins á sveitarfélagið um að taka á móti fleira flóttafólki og fólki í leit að vernd, án þess að fjármagn fylgi. Að sama skapi gagnrýnir meirihlutinn að ríkið hafi tekið á leigu húsnæði fyrir yfir fjögur hundruð manns á Asbrú, án þess að ræða við sveitarfélagið.

Þrátt fyrir það hefur Útlendingastofnun ... ýtt sterklega á sveitarfélagið á að taka við fleiri einstaklingum og stækka samninginn. Þessu höfum við ítrekað neitað undanfarin ár ...

### Umfjöllun Samfylkingarinnar

Það vakti mikið umtal þegar formaður okkar í Samfylkingunni, hún Krístrún Frostaðóttir, fór í hlaðvarpsþáttinn Ein þæling. Það sem formaðurinn okkar kom inn á var

málefnaleg umræða um að til lengri tíma verðum við að horfa á þróun málaflökksins og einblína á það sem við getum gert og gera það vel. Hömlulaus útgjöld, löng málsmeðferð og stefnuleysi er ekki það sem við viljum að einkenni þessi mál.

### Staðreyndir málsins eru þessar:

- 20 milljarðar hafa farið í verndarkerfið, helmingur í kostnað við að skoða mál sem fá synjun á endanum.
- Til að setja tölur í sambengi þá kosta allar heilsugæslur á Íslandi 20 milljarða.
- 9.000 umsóknir um vernd hafa borist undanfarin tvö ár (heil Arborg) en 100 umsóknir árið 1992.
- Árið 2023 voru 77% umsókna um alþjóðlega vernd frá Úkraínu og Venesúela.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í meirihluta á Alþingi undanfarin ellefu ár, verið með utanríkisráðherra undanfarin sjö ár og dómsmálaráðherra undanfarin ellefu ár.

Hvorki á Alþingi né í sveitarstjórn hefur Samfylkingin leitt málefni fólks á flóttu undanfarin ellefu ár né

ber ábyrgð á ákvörðunum Vinnu- málastofnunar í sveitarfélaginu okkar. Það er kannski staðreyndin sem bæjarfulltrúinn neitar að horfast í augu við, hvar ábyrgðin liggur.


### Kjarni málsins

Í lokin viljum við taka fram að umræðan um flóttafólk, hælisleitendur og jafnvel útlendinga í leit að starfi á landinu okkar er stundum hent í einn hóp til að stækka töluna og jafnvel ala á ötta og óöryggi.

Fjölgun íbúa á Íslandi hefur verið gríðarlega hröð á stuttum tíma, alveg sama hvaðan fólkið kemur eða í hvaða tilgangi. Þegar þessar breytingar gerast svona hratt er hætt við að við missum tök á ýmsum atriðum eins og fjölgun leik- og grunnskóla, fjölgun framhaldsskóla, fjölgun starfsfólks í innviðum okkar eins og heilbrigðisstarfsfólks, lögreglu og landamæravörslu, sjúkraflutninga ofl. Allt þetta hefur áhrif og það er ekki hollt fyrir okkur sem samfélag að horfast ekki í augu við stöðuna því þessar breytingar eru kostnaðarsamar fyrir sveitarfélögin.

Hvernig væri að við færum að skipuleggja okkur og sinna þessu risastóra verkefni okkar saman? Og kannski enn og aftur að hvetja ráðherra til að koma fólki á flóttu fyrir um allt Ísland, ekki bara í okkar besta Reykjanesbæ, líkt og við höfum margoft bent á.

*Höfundar eru bæjar- og varabæjarfulltrúar Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ.*





Vatnsleysustrandar-  
maðurinn Gísli S. Brynjólfsson stýrir markaðsmálum  
hjá Icelandair.

Áhuginn á auglýsingum  
og markaðsmálum vaknaði  
snemma.



# BETUR BORGANDI FERÐAMÖNNUM AÐ FJÖLGA

„Ísland á helling inni sem ferðamannastaður,“ segir Gísli Brynjólfsson, markaðsstjóri Icelandair, en rætur hans liggja á Vatnsleysuströnd. Hann áttaði sig fljótt á hvert hugur hans myndi stefna hvað varðar starfsferil því hann tók upp auglýsingar í sjónvarpinu þegar hann var krakki. Eftir að hafa sótt sér meiri menntun til Frakklands réði hann sig í starf hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu og stóð má segja á krossgötum þegar hann frétti af því að staða markaðsstjóra Icelandair væri laus. Hann hóf störf um það leyti sem Max-flugvélar fyrirtækisins voru kyrrsettar, fékk svo eitt stykki heimsfaraldur í fangið, þar næst jarðhræringar og eldgos við Grindavík. Hann bíður eftir að fá að prófa að sinna sinni ábyrgðarfullu stöðu á lygnum sjó.

Gísli er fæddur og uppalinn á Vatnsleysuströndinni, á bæ sem heitir Hellur. Hann gekk í Stóru-Vogaskóla, æfði fótbolta með Þrótti Vogum og sá fljótt að hann þurfti ekki að spá í atvinnumennsku. Hins vegar fékk hann fljótlega áhuga á knattspyrnuþjálfun og um tíma stefndi hugur hans til að verða íþróttakennari eða íþróttáfræingur.

„Ég held að ég sé ennþá sá yngsti til að sækja mér A og B þjálfararéttindi hjá KSÍ, var fjórtán ára gamall og lærði með goðsögnum eins og Rögnu Lóu Stefánsdóttur og Birni Bjartmarz. Ég tók líka dómaraþéttindi svo ég var á kafi í þessu má segja en eftir að ég hóf nám í Fjölbrotaskóla Suðurnesja og fékk að fara í heimsókn á auglýsingastofuna Hvíta húsið vissi ég nákvæmlega hvað mig langaði til að verða. Ég var á viðskipta- og hagfræðibraut, tók áfanga sem heitir auglýsingasálfræði og í verkefni sem ég átti að vinna tók ég viðtal við framkvæmdastjóra Hvíta hússins á þeim tíma, Gunnar Stein Pálsson, og vissi eftir það upp á há hvert leið mín myndi liggja. Mér fannst þetta frábært hjá Gunnari, að nenna að taka á móti einhverjum framhaldsskólanema og fræða mig eins mikið og hann gerði en hann talaði við mig í þrjú klukkutíma, þá meina ég að hann talaði og ég hlustaði á hann eins og ég væri steinrunninn. Ég var þarna kominn með mikinn áhuga á auglýsingum og skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna að hafa átt sem áhugamál þegar ég var yngri að taka upp auglýsingarnar í sjónvarpinu. Eftir FS fór ég í Tækniskólann, mér fannst markaðsfræðinámíð þar praktískara en í Háskólanum, mun sérhæfðara í markaðsfræðum og hentaði mér betur.“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

## Framhaldsnám í Frakklandi

Gísli útskrifaðist úr Tækniháskólanum og réði sig sem markaðsstjóra hjá fyrirtæki sem heitir Gagnageymslan og var þar í eitt ár. Fór þaðan til Skýrr eins og það hét þá, var bæði sölu- og kynningarstjóri og vann hjá fyrirtækinu í rúm tvö ár. Á þessum tíma var Amor búinn að hitta Gísla í hjarta-stað, hann og væntanlegur maki, Sigríður Anna Árnadóttir, brugðu undir sig betri fætinum og fóru í nám til Frakklands. „Við Sigríður vorum á sömu línu, vildum víkka sjóndeildarhringinn og prófa nám í útlöndum, enduðum á að velja sama námið, meistaranám í alþjóðaviðskiptum, Master of International Business, í Grenoble Ecole de Management. Þetta var mjög skemmtilegur tími, við vorum í raun saman 24/7 og töldum að námi loknu að fyrst við gátum verið svona mikið saman, og neistinn ennþá heitur á milli okkar, þá væru okkur allir vegir færir og sú var og er raunin. Í dag erum við gift og eigum þrjú yndisleg börn saman. Við lukum námi áramótin 2003/2004 og komum þá heim. Ég sendi eina litla umsókn á Hvíta húsið og var ráðinn, reyndar hafði fyrrnefndur Gunnar lokið störfum og Halldór Guðmundsson tekið við af honum og réði mig. Ég var titlaður viðskiptastjóri, til útskýringar er það eins og tengill á milli auglýsingahönnuðarins og viðskiptavinarins, ég myndaði teymi sem var eins og lítill auglýsingastofa inni á stórra auglýsingastofu. Þetta starf átti mjög vel við mig og ég fékk tækifæri á að vinna með mörgum af stærstu og flottustu

fyrirtækjum landsins og fagfólki sem ég lærði gríðarlega mikið af, eins t.d. Sverri Björnssyni og fyrrnefndum Halldóri. Ég lærði mjög mikið af þeim og öðru samstarfsfólki. Mér er minnisstætt að mér stóð líka til boða starf í markaðsdeild Islandsbanka, ég hefði getað haft hærri laun þar en í Hvíta húsinu og reyndi auðvitað að nýta mér það í samningaviðræðum við Dóra heitinn. Konan mín var ólétt af elsta barninu okkar á þessum tíma og við þurftum að hugsa um krónur og aura en sem betur fer lét ég hjartað ráða, ég fann hvað ég hefði miklu meiri áhuga á starfinu hjá Hvíta húsinu og átti þar fimmtán frábær ár. Ég fann fljótlega að mér var treyst fyrir stórum verkefnum og viðskiptavinum og stuttu eftir að ég byrjaði bauðst mér að gerast meðeigandi sem ég þáði. Árið 2011 var mér síðan boðið að gerast framkvæmdastjóri og ég sinnti því ásamt stefnumótunarráðgjöf þar til ég hætti. Ég var alls ekki að leita mér að nýju starfi en þegar mér var sagt að Icelandair væri að auglýsa eftir markaðsstjóra árið 2019 fann ég að ef einhvern tíma væri rétti tímamóturinn að venda mínu kvæði í kross, væri það þarna og þar með upphófst næsti kafli,“ segir Gísli.

## Icelandair í ólugsjú

Umsóknarfresturinn vegna nýju stöðunnar hjá Icelandair var útrunninn en Gísli sendi engu að síður inn umsókn. Hann hafði margoft sagt að hann hefði ekki áhuga að skipta um starf nema ef Icelandair væri í boði.

„Það er og verður sennilega stærsta giggið fyrir þann sem vill starfa í markaðsmálum. Vinur minn sem starfaði hjá Icelandair

”

Ég held að ég hafi skorað hátt með  
svarinu mínu, ég sagðist ekki vera  
leita að vinnu, heldur áskorun.  
Það voru lögð fyrir mig tvö verkefni  
sem ég leysti ...

spurði mig hvort ég hefði sótt um en ég hafði ekki séð auglýsinguna þannig að ég svaraði nei, hann hvatti mig til að henda inn umsókn. Ég þurfti að uppfæra ferilsskrána þar sem ég hafði ekki sótt um starf í langan tíma og fékk strax svar, var beðinn um að hitta þann sem sá um ferlið hjá Icelandair degi að ég sendi umsóknina. Ég bað um að þetta yrði mjög leynilegur fundur því ég vildi ekki að það myndi kvisast út að ég hefði sóst eftir starfinu ef ég myndi svo ekki hreppa hnossið. Ég var mjög ánægður í starfinu hjá Hvíta húsinu svo það var mjög þægilegt að fara í þetta atvinnuviðtal, vitandi að ég hefði nákvæmlega engu að tapa. Ég var spurður að því út af hverju framkvæmdastjóra áskorun auglýsingastofu væri að sækja um starf markaðsstjóra Icelandair, fyrirtækis sem væri ekki þekkt fyrir að borga hæstu launin. Ég held að ég hafi skorað hátt með svarinu mínu, ég sagðist ekki vera leita að vinnu, heldur áskorun. Það voru lögð fyrir mig tvö verkefni sem ég leysti og kannski athyglisvert að skipt var um framkvæmdastjóra á meðan á ráðningarferlinu stóð, Birna Ósk Einaradóttir tók við af Gunnari Má Sigurfinnssyni sem hafði ráðið mig. Ég þurfti þannig

séð að sanna mig líka fyrir henni en hún hafði verið með puttana í ráðningarferlinu svo það gekk vel. Ég hóf störf 11. mars árið 2019 og ef ég hafði sagst vera leita að nýrri áskorun, fékk ég heldur betur í andlitið það sem ég óskaði mér! Fljótlega voru Max-vélar Icelandair kyrrsettar, COVID bjó heldur betur til áskoranir og á svipuðum tíma byrjuðu jarðhræringar á Reykjanesi sem enduðu með eldgos.“

Fyrstu eldgosin reyndust vera spennandi túristagos en atburðirnir síðustu þrjú mánuði, sem hófust 10. nóvember í Grindavík, hafa heldur betur búið til enn nýjar áskoranirnar svo það má segja að Gísli sé búinn að vera í áskorun allar götur síðan hann tók við starfinu.

„Það verður fróðlegt að prófa stýra markaðsmálum Icelandair á tiltölulega lygnum sjó. Af þessu öllu var COVID erfiðasta tímabilið. Ég man þegar enn ein bylgjan skall á í byrjun janúar 2021, ég var einn eftir í lok vinnudags en þá máttum við vera 50 manns á hverri hæð og ég hugsaði með mér; „hvað er ég að gera hérna?“, ekkert nema svartnætti framundan. Stjórnendur Icelandair stóðu sig mjög vel í þessari krísi, þeir höfðu skilning á að það þyrfti að halda Icelandair vörumerkinu á lofti, það mátti ekki bara slökkva ljósin. Það opnuðust inn á milli gluggar og þá keyrðum við herferðir og náðum þannig að halda Icelandair í umræðunni og við í markaðsdeildinni vissum að um leið og markaðir opnuðust þyrftum við að vera klár og það tókst myndi ég segja. Við nýttum tímann mjög vel, fórum í mikla rannsóknarvinnu og saum fljótt að áhuginn á Íslandi jókst mjög mikið í COVID, fólk var búið að vera innilokað og þegar það sá heint Ísland jókst áhuginn á landinu mjög mikið. Það er mikil sérþekking innan veggja Icelandair og eins og ég segi, um leið og heimurinn opnaðist flugum við af stað í bókstaflegri merkingu.“

## Bjart framundan

Eftir að heimsfaraldri lauk snemma á árinu 2022 fór allt af stað hjá Icelandair. Allt sem hafði átt að framkvæma á árunum 2020 og 2021 var framkvæmt árið 2022 og Icelandair tókst á loft í orðsins fyllstu merkingu. „Árið 2022 var þrjú fyrir einn. Gjörumlega brjáláð að gera og það hefur gengið mjög vel á þessum tíma frá COVID. 2023 var metár



Fyrstu eldgosin reyndust vera  
spennandi túristagos en atburðirnir  
síðustu þrjú mánuði hafa heldur betur  
búið til enn nýjar áskoranirnar.  
Mynd/Facebook-síða Icelandair



hjá Ícelandair en það er athyglisvert að sjá hversu viðkvæmur markaðsurinn er og minnstu frávik geta haft mikil áhrif, t.d. þegar Reykjanesbrautin lokaði vegna ófærðar rétt fyrir jól 2023 hafði það áhrif á um 25 þúsund farþega og þessu þurfti að redda. Jarðhræringarnar 10. nóvember og eldgosid í kjölfarið höfðu gífurleg áhrif en skv. fréttum erlendis mátti nánast halda að allt Ísland væri að fara til helvítis! Við Íslendingar vissum alveg að þetta hafði ekki áhrif á flugsamgöngur til og frá Íslandi en það er kannski ekki sömu sögu að segja með þann sem er staddur í miðríkjum Bandaríkjanna þegar hann fær þessar hamfarafréttir, þetta hefur að sjálfsgöðu áhrif. Bókanirnar hættu í nokkra daga en þeir sem voru búnir að bóka hættu ekkert við, þeir kynntu sér málin og við höfðum samband við þau og komum þeim skilaboðum áleiðis að það væri allt í lagi á Íslandi. Starfsfólk Ícelandair er mjög vant að takast á við krísur, það er oft á ári sem við þurfum að berjast við veðurguðina og við erum orðin mjög sjúð í að takast á við slíkt,“ segir Gísli.

Fréttáflutningurinn af eldgosunum sem áttu sér stað eftir hamfarirnar 10. nóvember hefur verið mun lágstemmdari svo það hefur ekki haft eins mikil áhrif og það sem var í gangi strax eftir 10. nóvember. Ef Gísli fær að ráða hætta eldgosin. „Við þurfum ekki fleiri eldgos til að vekja áhuga á Íslandi, fjarri lagi. Það halda kannski einhverjir að við lítum á þetta sem ókeypis auglýsingu en það er langt í frá og ef ég gæti ýtt á einhverni „off“ takka sem myndi binda enda á þessar jarðhræringar væri ég fljótur að smella á hann. Fyrir utan þá óvissu sem þetta skapar í okkar rekstri þá er það smámál við hliðina á heilu bæjarfélögunum sem eru í hættu. Sem Suðurnesja-

manni er sárt að horfa upp á það. Eins þá flækir það aðeins málið ef Bláa lónið er lokað því þetta er langvinsælasti ferðamannastaður Íslands og oft ein af ástæðunum fyrir því að fólk heimsæki landið og þá kannski sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Það má því alveg segja að framtíð Bláa lónsins skipti Ícelandair máli að vissu leyti.“

### Ísland „heitt“

Ísland hefur verið sjóðandi heitur ferðamannastaður undanfarnin ár en Gísli vill meina að landið eigi helling inni ennþá. Að tala um of marga ferðamenn á Íslandi er eitthvað sem Gísli þolir ekki en hann gerir sér að sjálfsgöðu grein fyrir að sumir staðir eru komnir nálægt þölmörkum hvað varðar átroðning en þá er bara að búa til nýja staði og nýta þá mánuði betur sem hafa hingað til verið minna uppteknir. Talað er um að 1. júní til 15. október sé aðalferðamannatíminn á Íslandi. Hvar sér Gísli annars sóknarfærin í framtíðinni?

„Ísland er og hefur alltaf verið „the land of ice and fire,“ [land elds og jökla], auðvitað vekja þessar náttúruhamfarir mikla athygli á landinu og viðbúið að áhugi ferðafólks á Íslandi aukist í kjölfarið. Þegar þessum ósköpum lýkur, hvenær sem það verður, er ljóst að áhuginn á Íslandi verður ekkert minni og fyrir það þurfum við að vera undirbúin. Sem Suðurnesjamaður og þekkjandi fjölmarga Grindvíkinga þá vona ég að þetta muni ekki raska lífi þeirra meira en nú þegar hefur gerst og að við sjáum Grindavík aftur iðandi af lífi. Útlitið er kannski ekkert alltof gott núna en þegar þetta róast þá gætu alveg verið tækifæri fyrir bæjarfélagið líka, það verður talað um þessa tíma og þessa atburði

um ókomin ár. Ég myndi ráðleggja Grindvíkingum að „varðveita“ eitthvað af þessum sprungum og húsum sem hafa skemmt til þess að það sé hægt að sýna hvers konar kraftar voru þarna að verki. Ég held að það geti gert staðinn áhugaverðan, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Eins gæti ég trúað að golfvöllurinn í Grindavík verði mjög áhugaverður fyrir erlenda kylfinga en hvenær þessu öllu lýkur getur auðvitað enginn sagt til um.“

### Milli landa og innanlands

Hver er leiðin fyrir Ícelandair að stækka og vaxa?

„Við erum lítið flugfélag í samanburði við stærstu flugfélög heims eins og Delta, Lufthansa og American airlines en þrátt fyrir það er vörumerki Ícelandair gríðarlega þekkt úti um allan heim. Við erum í mjög harðri samkeppni en ég veit að við erum að standa okkur vel, við erum að stríða þessum stærstum. Okkar áætlanir hljóða upp á að vera með 70 til 100 vélar árið 2037, í dag erum við með 36 vélar. Við höfum staðið okkur vel í að kortleggja nýja staði, við vinnum mikla rannsóknarvinnu og gott dæmi um það er Raleigh, höfuðborg Norður-Karólínu. Þetta var ekki borg sem Íslendingar voru að spá í að heimsækja en við sáum að tækifæri lágu í flugi þangað því að það var ekki mikið framboð af flugi til Evrópu, fjöldi stórra alþjóðlegra fyrirtækja hefur vaxið hratt á svæðinu með starfsfólk sem þarf að fljúga til Evrópu vegna viðskipta og með því að fljúga með okkur þá erum við að stytta ferðatímamann og bjóða upp á fjölmargar, einfaldari tengingar í gegnum Keflavíkurlugvöll. Við viljum líka meina að það sé mun meira spennandi fyrir þessa farþega að stoppa á Íslandi en í ann-

arri borg í Bandaríkjunum og oftar en ekki stoppa þessir farþegar þá í nokkra daga og skoða Ísland. Ég held að Íslendingar muni líka kveikja á þessari falletgu borg með tíð og tíma, þarna munu íslenskir kylfingar t.d. geta unað sér vel en urmull frábærra golfvalla er þarna allt í kring,“ segir Gísli.

### Innanlandsflugið undir sama hatt

Eitt af því sem Gísli tók þátt í að breyta þegar hann hóf störf, var að hafa innanlandsflugið undir sama hatti og millilandaflugið en fram til ársins 2021 hafði innanlandsdeildin verið rekin undir merkjum Air Iceland connect. „Ég tel að þetta sé mun betra og það hefur sýnt sig, innanlandsflugið hefur vaxið síðan. Það er miklu einfaldara fyrir útflendinginn að bóka sig á Akureyri t.d. og geta gert það allt í sömu bókuninni. Þetta er hluti af því sem við í markaðsdeildinni höfum komið að en við erum í raun með puttana í öllu starfi Ícelandair, hvort sem er fraktflutningar, leiguverkefni í gegnum Loftleiðir o.s.frv. Það gerir starfið spennandi, fjölbreytt

”

Eins þá flækir það aðeins málið ef Bláa lónið er lokað því þetta er langvinsælasti ferðamannastaður Íslands og oft ein af ástæðunum fyrir því að fólk heimsæki landið og þá kannski sérstaklega yfir vetrarmánuðina ...

verkefni sem við þurfum að kljást við. Það er margt sem bendir til að komum hins svokallaða betur borgandi ferðamanns muni fjölga mikið í framtíðinni, við því þurfum við að vera viðbúin. Í mínum huga er það einföld staðreynd, Ísland á bara eftir að vaxa og stækka sem ferðamannastaður í framtíðinni og ég hlakka mikið til að taka þátt í því sem markaðsstjóri Ícelandair,“ sagði Gísli að lokum.



# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970  
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"  
Steinsög/Hellusög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel  
BG 245  
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75  
Jarðvegsþjappa  
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS 500  
E rafmagns gólfög  
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna FS400  
LV gólfög  
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna DM230  
Kjarnaborvél  
150 mm Max



Husqvarna Rammer  
Hopperi LT6005  
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K4000  
Steinsög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600  
Vökvasög  
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000  
Ring  
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000  
Pre Cut  
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur  
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.  
S. 588-0028  
haverslun@haverslun.is  
haverslun.is



**Guðmundur Stefán Gunnarsson** er íþrótt- og tólmstunda-fulltrúi Sveitarfélagsins Voga. Hann er engin smásmíði, þrekinn og hávaxinn, augljóslega ekkert lamb að leika við en þeir sem þekkja hins vegar til Guðmundar vita að þar fer hið mesta ljúfmenni sem hefur mikla ástríðu fyrir fangbragðaiþróttum hvers konar. Guðmundur stofnaði júddódeild Njarðvíkur stuttu eftir hrun með það að markmiði að geta boðið krökkum upp á ókeypis æfingar enda var ástand víða bágborið á þeim tíma. Guðmundur hefur helgað sig fangbrögðum og var kjörinn formaður Glímusambands Ísland þann sautjándi þessa mánaðar.



## Glímur drengilega - jafnt innan vallar sem utan

**- Guðmundur Stefán Gunnarsson er nýkjörinn formaður Glímusambands Íslands en hann hefur þurft að taka marga glímuna að undanfögnu.**

„Ég byrjaði í körfubolta með Njarðvík og sundi, fór svo að æfa júdo með Keflavík [UMFK] þegar ég var níu eða tíu ára. Svo var ég í sveit og lenti í því að heyvagn keyrði yfir mig og ég gat ekki æft í einhvern tíma. Fljótlega eftir það hætti svo UMFK og þá hætti Sigurbjörn Sigurðsson, Bói í Duus, með júddóeildina í Keflavík. Þá hafði maður ekkert júdo og saknaði þess alveg svakalega, þannig að ég fann mig ekki í öðrum tólmstundum. Ég var aðeins í sundi, svo spilaði ég á básúnu í Lúðrasveit Njarðvíkur. Ég spilaði á trompet en svo missti ég tver framtennur og þá gat ég ekki spilað lengur á trompet því munnstykkið fór alltaf á augntennurnar og ég gat ekki blásið. Halli [Haraldur Árni Haraldsson] reddaði þessu og henti mér á básúnu, það var alveg geggjað. Ég átti bara svo erfitt með að æfa mig út af lesblindunni, hún uppgötvaðist ekki fyrr en í menntaskóla, þá sá ég aldrei nóturnar heldur spilaði bara af fingrum fram. Ég reyndi bara að halda takti og hitta á réttu slöginn en svo þegar kom að spuna þá varð ég aldrei neitt góður í því, alveg ágætur en ég var alltaf þriðja básúna, krakkar sem byrjuðu miklu seinna en ég urðu fyrsta básúna,“ segir Guðmundur og hlær.

### Kynnist glímu á menntaskólaárunum

Guðmundur segir að fyrstu kynni sín af glímu hafi verið á menntaskólaárunum þegar Kjartan Lárússon fékk hann til að keppa í glímu. „Hann hafði heyrt að ég hefði verið að æfa júdo og fékk mig til að keppa í glímu. Það gekk ekkert sérstaklega vel, ég lagði einn eða tvo, en svo fór ég að æfa júdo aftur með Ármanni.“

Á þessum menntaskólaárunum vorum við nokkrir sem komumst yfir vídeóspólar um Gracie Jiu Jitsu og fengum í kjölfarið Magnús Hersi Hauksson til að þjálfar okkur í líkamsræktarstöð í Njarðvíkum, Hjá Bertu minnir mig að hún hafi heitið. Svo vorum við þar bara í einhverjum sal, mjög skrautlegur hópur sem fór þar í gegn. Ef einhver lenti í slag um helgi þá tóku Maggi og pabbi þá og jörðuðu á mánudegi, það mátti ekki slást. Það má auðvitað ekkert slást með þetta.

Þetta var eiginlega byrjunin, þarna kviknar áhuginn aftur. Ég fór síðan í Íþróttaskólann á Laugarvatni og kiki eitthvað á æfingar hjá Magga í Vogunum, ég var eitthvað að þjálfar í afleysingum á Sel-fossi og datt svo inn á júddóæfingar hjá hinum og þessum félögum;

Ármanni, Júddófélagi Reykjavíkur og fleirum.“

Guðmundur kynntist konunni sinni, Eyðisi Mary Jónsdóttur, þegar hann var í æfingabúðum á Akureyri skömmu eftir að menntaskólaárunum lauk. „Þá var ég svolítið mikið þar fyrir norðan og æfði þá með KA, síðan fórum við út til Danmerkur og ég æfði þar í svona þrjú ár af þeim fjórum sem við vorum þar.“

### Stofnun júddóeildar þegar margir höfðu ekki efni á æfingagjöldum

„Við komum heim haustið eftir hrun, árið 2008, og þá var verið að afnema allt hérna, þ.m.t. hvatagreiðslurnar. Ég fór að kenna á þessum tíma og var með einhverja fjóra, fimm nemendur sem voru á mjög erfiðum stað. Það var mikil neyð á þessum tíma en þarna sá ég tækifæri til að gera eitthvað fyrir þá. Enginn þeirra hafði tækifæri eða efni á að fara að æfa neitt og það varð hvatinn að stofnun júddóeildar Njarðvíkur sem Stefán Thorderen, þáverandi formaður Njarðvíkur, hjálpaði mér við að yta í gang. Við stofnuðum deildina í október 2010 og hófum æfingar í janúar 2011.“

Í byrjun æfði deildin á efri hæð Reykjaneshallar og leigði dýnur af Júddósambandinu. Húsnæðið hentaði illa, það lak og dýnurnar lágu undir skemmdum. Það varð því úr að Reykjaneshallar lagði til iðnaðarhúsnæði á Iðavöllum þangað sem taekwondo-deild Keflavíkur og júddódeild Njarðvíkur fluttu sína æfingaaðstöðu og fengu sinn hvorn salinn en þessar tver deildir hafa átt í mjög farsælu samstarfi í gegnum árin.

„Við vorum þarna með taekwondo-deildinni og það var ýmislegt sem þurfti að leysa – og það bara gekk ógeðslega vel. Helgi [Rafn Guðmundsson, yfirþjálfari taekwondo-deildar Keflavíkur] var með þetta svolítið mikið í



**Þetta gekk alveg rosalega vel, það hefur gengið vel að bjóða upp á fríar æfingar og fyrir áramót voru um tuttugu manns á hverri æfingu ...**

höndunum á sér fyrst og svo komu stjórnir. Ég fékk alveg skammir fyrir umgengnina hjá mínu liði og hitt og þetta. Við ólum hvert annað upp, þau þurftu aðeins að slaka á og öfugt. Þetta hefur alltaf verið í mjög góðu á milli deildanna, taekwondió mætti á æfingar hjá okkur og við hjá þeim. Ég hef meira að segja keppt í taekwondo, þrisvar sinnum.“

### Kári kemur til bjargar

„Þegar við fórum í þessa aðstöðu vorum við í þeirri stöðu að vera bara með eldgamlar og hálfónýtar dýnur sem við vorum að borga of háa leigu fyrir. Þá fór ég og keypti notaðar wrestling-dýnur úr æfingastöð sem var að hætta og þær notuðum við í nokkur ár. Síðan sendi Björgvin Jónsson, sem var formaður þá, styrktarbeiðni á einhvern samfélagssjóð hjá Íslenskri erfðagreiningu. Við fórum á fund Kára Stefánssonar, mér finnst hann alveg geggjaður gaur, og hann spyr í hvað við ætlum að nota styrkinn. Ég útskýri að við ætluðum að gera svona áhugafélag sem myndi bjóða upp á ókeypis íþróttaiðkun fyrir krakka og ala upp þjálfara sem væru tilbúnir að þjálfar einu sinni til tvisvar í viku [innsk. blm.: launalaust]. Hann fór að tala um júdo við okkur og vissi heilmargt um júdo, var sjálfur með eitthvað belti í taekwondo. Svo segir hann bara: „Já, þetta



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is

er kúl hugmynd. Ég legg inn á ykkur á mánudaginn.“ Ég sá fyrir mér einhvern hundrað, hundrað og fimmtíu þúsund kall eða eitthvað – það voru draumórnir hjá okkur. Hann lagði svo eina og hálf milljón inn á reikninginn,“ segir Gummi og hlær að þessu enda dugði fjárhæðin fyrir nýjum dýnum. „Þetta er stærsti styrkur sem við höfum fengið frá upphafi.“ Félagin voru í iðnaðarhúsnæðinu á Iðavöllum í nokkur ár en deildirnar stækkuðu og var farið að þrengja verulega að þeim. Það varð úr að Reykjaneshallar tók stærra húsnæði í notkun fyrir júdo og taekwondo og bættu við þriðja salnum fyrir Hnefaleikafélag Reykjaness. Þetta húsnæði er á Smiðjuvöllum og þarna æfa félögin ennþá.

Eftir því sem júddóeildin stækkaði fór Guðmundur að innleiða fleiri glímugreinar, s.s. Brazilian Jiu Jitsu, Backhold og íslenska glímu. Deildin breytti því heiti sínu í glímudeild Njarðvíkur enda fleiri greinar en júdo æfðar þar.

### Ágreiningur, brottrekstur og kærur

Glímudeildinni gekk vel og fjölgaði iðkendum stöðugt, keppendur deildarinnar urðu sífellt betri, voru valdir í landslið og titlarnir urðu stöðugt fleiri, í mótum innan lands og utan. Það er stundum sagt að allir góðir hlutir taki enda og það á við í þessu tilvik. „Þetta gekk alveg rosalega vel, það hefur gengið vel að bjóða upp á fríar æfingar og fyrir áramót voru um tuttugu manns á hverri æfingu, viku eftir viku. Barnahópurinn okkar var orðinn mjög stór en það hefur fækkað allverulega eftir að Reykjaneshallar hótaði að henda



Árið 2019 varð Guðmundur heimsmestari í keltneskum fangbrögðum en hann hóði harða keppni við ellefu sterkustu glímumenn í greininni og stóð að lokum uppi sem sigurvegari.



77

## Þetta hefur auðvitað mikil áhrif á iðkendur og þegar öllu er á botninn hvolft þá bitnar þetta bara á börnunum ...

okkur út," segir Guðmundur en það hefur gengið á ýmsu í samskiptum glímudeildarinnar við Reykjanesbæ og forsvarsmenn Ungmennafélags Njarðvíkur.

„Þetta hefur auðvitað mikil áhrif á iðkendur og þegar öllu er á botninn hvolft þá bitnar þetta bara á börnunum," segir Gummi. „Það hefur verið sagt að einhver ágreiningur sé í gangi. Jú, einhver tímann var eitthvað rifrildi, einhver ágreiningur, en hann varði kannski í fimmtán mínútur. Eini ágreiningurinn er í raun bara persónuleg óvild formanns og framkvæmdastjóra UMFN í garð deildarinnar – nei, í minn garð. Allt sem þeir hafa sagt um mig er bara áróður og baktal. Ég fór á fund með aðalstjórn Njarðvíkur og á það á upptöku, fékk aðila frá íþrótt- og tómstundaráði með mér og ég vildi fá að vita hvað ég hefði brotið af mér – og ef ég hefði ekki brotið af mér, þá vildi ég fá að vita það. Þeir gátu ekki svarað því þrátt fyrir að ég itrekaði það aftur og aftur. Þannig að þeir láta málin bara hanga í loftin og maður getur ekki varið sig, af því að þetta er bara baktal.“

### Gengur þetta svo langt að deildinni er vikið úr félaginu?

„Já, ég fékk það í afmælisgjöf. Þeir sendu mér bréf þess efnis að aðalstjórn hafi vikið glímudeildinni úr félaginu á afmælisdaginn minn þrátt fyrir að ákvörðunin hafi verið tekin meira en viku fyrr – ég held að það hafi ekki verið nein tilviljun.“

Guðmundur segist alls ekki vera sáttur við hvernig aðalstjórn Njarðvíkur hafi staðið að málum gagnvart glímudeildinni og bendir á að: „Í lögum Njarðvíkur segir að deild verður ekki lögð niður nema á aðalfundi eða aukaaðalfundi og þá þarf samþykki 2/3 fundarmanna. Þessi brottvikning fór aldrei fyrir aðalfund og það er bara brot á lögum UMFN.“

Svo segja þeir að deildin sé óstarfhæf og ég spyr; hvernig er deild óstarfhæf með hundrað iðkendur? Ég bara geri mér ekki grein fyrir því. Við erum að halda mót, við erum að taka þátt í mótum. Á



Eydís, eiginkona Guðmundar, virðist hafa fengið sig fullsadda á honum.

aðalfund deildarinnar mættu 65 manns, það eru fleiri en mættu á aðalfund UMFN.“

### Þegar þú talar um aðalfund þá varð nú uppákoma með aðalfund deildarinnar á síðasta ári, er það ekki?

„Jú, það var fyrir aðalfundinn fyrir árið 2022. Við boðuðum þann fund löglega en annað hvort formaður eða framkvæmdastjóri UMFN útbúa plagg þar sem búið er að breyta dagsetningu fundarins og staðsetningu og nafn formanns glímudeildarinnar skrifað undir, sem ég kannaðist ekkert við. Við mættum þarna nokkur og létum vita að fundurinn væri ólöglegur og hann rann bara út í sandinn. Svo héldum við löglegan aðalfund.“

Á síðasta aðalfundi deildarinnar, sem var 11. desember, þá halda þeir að þeir hafi lagt deildina niður – og við leyfðum þeim bara að halda það. Á þeim aðalfundi greiddum við atkvæði um að við skildum ganga úr Njarðvík og kjölfarið stofnuðum við nýtt félag sem heitir Íþróttafélagið Sleipnir. Það á eftir að samþykkja það inn í ÍRB.“

### Hafa alls staðar komið að luktum dyrum

Guðmundur segir að Reykjanesbæ hafi ekki tekið á þessum málum af fagmennsku. „Við erum nýfarin að fá fundi til að segja okkar hlið, það hefur enginn viljað hlusta á okkur. Bæjarstjórnin vildi ekki taka á þessu, pabbi fór og talaði við hann, það er búið að tala við sviðsstjóra menntasviðs en hann er pabbi framkvæmdastjóra UMFN svo hann vildi ekkert tala um þetta heldur. Þannig að það virðist vera hægt að segja allt um okkur en við fáum aldrei að verja okkur.“

Að sögn Guðmundar hafa forsvarsmenn UMFN, þ.e. formaður

og framkvæmdastjóri, ekki viljað svara spurningum út á hvað þetta ósætti gangi. „Það hefur verið reynt að fá upp úr þeim hvað sé í gangi. Fréttamiðlar eins og DV og Vísir hafa talað við mig og reynt svo að fá þeirra hlið en þar er engu svarað. Meira að segja lögfræðingurinn minn fær engin svör. Það er alger þögn.“

Ég get líka sagt frá því að Glimusambandið hefur reynt en fékk þau svarið; „þið ættuð bara að hugsa um glímu“. Sambandið er að því, að hjarga glímunni. Ég er stór hluti af því að glíman er lifandi í dag.“

Guðmundur upplýsir að nú sé búið að leggja inn kæru á hendur formanni UMFN fyrir tilraun til fjárdráttar. „Ástæðan fyrir því að við kærum Ólaf [Eyjólfsson], formann félagsins, er raunverulega sú að hann byrjar á því að senda póst á RSK og ætlar að leggja niður deildina, mig minnir að þetta hafi verið á föstudegi. Á mánudegi reynir hann að loka reikningum deildarinnar og færa peningana yfir á aðalstjórn. Í lögum UMFN segir að leggi deild niður starfsemi þá getur aðalstjórn leyst til sín eignir deildarinnar eftir fimm ár. Ég held að meining laganna sé að þá sé hægt að halda einhverjum gripum til að varðveita vegna sögunnar. Flestar deildir eiga ekki fjármuni þegar starfsemi þeirra er hætt en þeir vissu að við ættum pening, samt stendur í lögum UMFN þetta með fimm árin.“

Með málið hjá RSK var þetta öðruvísi. Í því máli fáum við andmælarétt og við mótmæltum tilrauninni til að loka kennitölunni okkar. Ákvörðun ríkisskattstjóra var okkur í hag.“

Glímudeildin var rekin á eigin kennitölu og Guðmundur segir það ekki vera neitt einsdæmi. Hann bendir m.a. á knattspyrnudeild Þróttar Vogum sem er rekin með sama fyrirkomulagi.

„Þannig að þetta mál allt hefur fordæmisgefandi gildi," segir hann, „og það kemur sér illa fyrir ÍSÍ sem hefur staðið með UMFN í þessu máli en núna vill sambandið engu svara um hvort Njarðvík hafi gert rétt með því að leggja deildina niður. ÍSÍ hefur aldrei viljað tala við okkur en Glimusambandið hefur stutt við okkur og núna ætlum við að eiga fund með Íþróttasambandinu.“

Það hefur enginn viljað hlusta á okkar hlið, þetta," segir Guðmundur og vísar í samtalið við Víkurfréttir, „er í fyrsta sinn sem einhver hlustar á mína hlið," segir Guðmundur að lokum.



Hjónin Guðrún Lovísa Magnúsdóttir og Guðmundur Björgvin Jónsson.

## Fyrsti kossinn átti sér stað í fyrsta félagsheimili Þróttar

### Vegleg peninggjöf til Þróttar í minningu ömmu og afa

Val á íþróttamanni ársins hjá Þrótti Vogum fór fram 1. febrúar síðastliðinn og við það tilefni stóð einn harðasti stuðningsmaður félagsins, Gunnar Júlíus Helgason, upp á samkomunni og kvad sér hljóðs.

Það var falleg stund þegar Gunnar bað um orðið og afhenti Þrótti veglega peninggjöf í minningu ömmu sinnar og afa, þeirra Guðrúnar Lovísu Magnúsdóttur og Guðmundar Björgvins Jónssonar.

Fram kom í ræðu Gunnars að þau hefðu verið borin og barnfædd í Vogunum og hefðu tekið virkan þátt í samfélaginu alla sína tíð. Þau höfðu meðal annars verið meðal stofnenda Ungmennafélagsins Þróttar árið 1932. Þau fylgdust vel með starfsemi félagsins, voru dugleg að mæta á kappleiki og voru virkir þátttakendur í uppbyggingu félagsins.



Gunnar afhendir Stefáni Óla Sæbjörnssyni, sem tók við gjöfinni fyrir hönd Þróttar, ávísun til staðfestingar.

Það var vel við hæfi að fyrsti kossinn þeirra átti sér stað á dansleik ungmennafélagsins í fyrsta félagsheimili þess á Vatnsleysuströnd.



## VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttar frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is

# MUN KONA STÖÐVA GUNNAR MÁ? 1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“

Gunnar Már Gunnarsson hélt uppteknum hætti á laugardaginn og vann nafna sinn, Oddsson, 8-7. Gunnar Oddsson mun hugsanlega naga sig í handabökinn, hann var með síðustu tvo leikina á seðlinum tvítryggða (1x) en báðir enduðu með útsigrum. Ef hann hefði fengið annan hvorn leikinn réttan hefði hann haft sigur því hann náði fimm réttum með leikjum með einu merki en Gunnar Már bara fjórum. Frænkunnar Ef og Hefði hafa bara aldrei verið góðir liðsfélagar og Gunnar Oddsson verður að gráta sig í koddann næstu daga, er honum hér með þökkud þátttakan.

Einn íslenskur tippari náði öllum þrettán leikjunum réttum og fær tæpar fimm milljónir. 31 Íslendingar náðu tólf réttum og eru rúmum 60 þúsund krónum ríkari.

Aftur leitum við í raðir Keflvíkinga en þar sem engum karlmanni hefur tekist að snúa á Gunnar Má, og sú staðreynd að konudagurinn var á sunnudaginn, er næsti áskorandi kvenkyns. Björg Hafsteinsdóttir er nýkjörin sem formaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags en hún á glæstan íþróttferil að baki, ekki bara í körfubolta heldur lék hún líka knattspyrnu með Keflavík.

„Ég spilaði báðar greinar fram til ársins 1991. Ég byrjaði á kantinum í fótboltaum

en svo vantaði markmann og ég skellti mér á milli stanganna. Eftirminnilegast frá knattspyrnuferlinum er bikarúrslitaleikurinn á móti ÍA árið sem ég hætti, við skulum láta úrslit leiksins liggja á milli hluta. Ég spilaði svo körfu fram til ársins 1997 en þá varð ég ólétt svo körfuboltaskórnir fóru þá sömu leiðis upp í hillu. Ég náði nokkrum Íslands- og bikarmeistarátitlum með Keflavík, síðasti titillinn var bikarsigur árið 1997.

Ég hef alltaf fylgst með enska boltanum og Liverpool er mitt lið og hefur alltaf verið. Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu tímabili, einn titill kominn í hús og mig grunar að þeir verði fleiri á þessu síðasta tímabili Jurgen Klopp. Ég hef ekki verið dugleg að tippa í gegnum tíðina og eflaust hlakkar í Gunnari Má að mæta mér. Hann er eflaust byrjaður að fagna og er væntanlega bæði búinn að plana sigurhátíð á laugardaginn og er hann ekki líka kominn með annan fótinn til London á bikarúrslitaleikinn? Hann má alveg vera sigurviss, þá er oft betra að koma aftan að andstæðingnum. Ég mun undirbúa mig vel, ég legg allt í sölnurnar að velta Gunnari Má af stalli og hlakka til laugardagsins," sagði nýkjörin formaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, Björg Hafsteinsdóttir.

### Gunnar Már var ánægður að fá konu að tippinu

„Konudagurinn var á sunnudaginn og því eðlilegt að fá flotta konu aftur í leikinn. Björg er verðugur keppinautur, ég man mest eftir henni í körfunni en veit líka að hún reimaði knattspyrnuskóna á sig um tíma og bar líka markmannshanska. Ég man mest eftir henni árið sem kvennaliðið okkar í körfu varð Íslandsmeistari, árið 1997. Það á virtust Keflavíkurkonur ætla sigla í gegnum allan veturinn án þess að tapa, þær voru búnar að vinna bikarmeistarátitilinn og eflaust héldu flestir að Grindavík yrði auðveld bráð fyrir þær í undanúrslitum Íslandsmeistarans en Penny Peppas og mínar konur úr Grindavík mættu óhræddar og unnu rimmuna 2-0. Þær unnu síðan KR í úrslitum og tryggðu sér sinn fyrsta og ennþá, eina Íslandsmeistarátitil. Ég veit að það gleður keppinaut minn að ég rifji þetta upp, mig grunar að ég hafi komið Björgu úr jafnvægi með þessari upprifjun og geri því ekki ráð fyrir mikilli mótspyrnu frá henni á laugardaginn," sagði Gunnar Már að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is



G. Már	Seðill helgarinnar	Björg
<input type="checkbox"/>	Luton - Aston Villa	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Brentford - Chelsea	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Tottenham - Crystal Palace	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Nott.Forest - Liverpool	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Newcastle - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Everton - West Ham	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Fulham - Brighton	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Birmingham - Southampton	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Millwall - Watford	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Norwich - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Preston - Hull	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Stoke - Middlesbro	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Swansea - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/>



# Heima að passa

Í heitavatnsleysinu arkaði ég af stað í borgina með börnin til þess eins að baða þau. Kvöld-sund og kósý. Ævintýri fyrir börnin í Laugardalslauginni og kærkomin sturta fyrir mig. Allan eftirmiðdaginn hafði ég farið yfir það í huganum hvernig ég gæti nú sýnt fram á að við værum raunverulegir Suðurnesjabúar. Þarf ég að sýna skilríki? Þarf ég að taka með mér síðasta póst frá tryggingarfélaginu til að sýna fram á nafn og heimilisfang? Eða er nóg að ganga ákveðin til verks og segjast vera af gosskaganum?

Svo að enginn færi nú að efast klæddi ég börnin mín í Njarðvíkur stuttbuxur og Keflavíkur peysu. Þetta færi ekkert á milli mála. Verst var að það voru -2 gráður úti en maður þarf nú einu sinni

að herða þessi börn fyrir framtíðar heitavatnsleysi. Ég safnaði kjarki á bílastæðinu við laugina og gekk inn með börnin. Ég þurfti svo sem aldrei að gefa upp neinar upplýsingar því þegar ég kom að afgreiðsluborðinu horfir starfsmaður sorgaraugum á okkur Njarðvíkingana, hallar höfðinu örlítið til hliðar og segir mildum rómi: Æj æj eruð þið af Suðurnesjunum? Náið ykkur bara í bönd á borðinu... þessi gulu bönd eru fyrir ykkur. Það vantaði bara að fíðlukvartettinn úr Titanic stæði í móttökunni til að fullkomna þetta atriði.

Þegar í laugina var komið eftir langt stopp undir heitri sturtu, svona til að ná mesta hrollinum úr okkur, hoppuðum við kát ofan í fyrsta pottinn. Mér var litið í kringum mig. Meira en

LOKAORÐ



ÍRISAR VALSDÓTTUR

hellingur sundlaugagesta var af Suðurnesjum. Konan á kassanum í Nettó, gamli sundkennarinn minn, hjúkrunarfræðingur af bráðamótökunni, einn úr Ríkinu og annar úr bæjarstjórn. Einmitt hugsaði ég. Heitavatnsleysið spyr víst ekki um aldur né fyrri störf. Innst í pottinum sat svo gamall skólafélagi. Ég hafði ekki hitt hann síðan í grunn-skóla þó svo að við byggjum í sama bæjarfélaginu. En nú var hann hér í Laugardalslauginni.

Í léttu spjalli segir hann mér sögu af kunningja sínum úr Reykjavík sem hefði tekið eftir ómældri aukningu „Keflvíkinga“ í laugum höfuðborgarsvæðisins enda var sá fastagestur þar. Sá hafði getað greint muninn á Suðurnesjabúum og Reykvíkingum eingöngu út frá háttarlagi og talsmáta. Já, hugsaði ég, ég vissi að það væri annar bragur yfir okkur en ekki svo mikill að tekið væri eftir. Ætli það sé samt ekki rétt hjá honum. Við erum öðruvísi en aðrir. Skemmtilega öðruvísi. Því næst snýr hann sér að börnunum mínum og spyr: „Hvar er pabbi? Er hann ekki með ykkur?“. Dóttir mín svarar ákveðin: „Nei, hann er heima að passa“. Skólafélaginn lítur á mig eitt spurningamerki og segir: „Ég vissi ekki að þú ættir fleiri börn“. „Nei“ svarar dóttir mín áður en ég nær að koma upp orði, „hann er heima að passa hitaveitugrindina“.



## Mundi

Stefán í Einhamri ætlar ekki að setja Grindavík undir hnifinn.

## Karlinn í kröppum sjó

Það braut vel á Karlinum í nágrenni við Valahnúk á Reykjanesi þegar Hilmar Bragi smelli mynd af ferðafólki að virða fyrir sér þennan myndarlega 60 metra háa klett sem er vinsælt myndefni. Þegar myndin var tekin mældist um 8 metra ölduhæð við ströndina. Í pistli frá Veðurstofunni segir að ástæðan hafi verið lægð suðvestur í hafi, sem olli lágum loftþrýstingi og suðlægum áttum. Lágur loftþrýstingur hækkar sjávaryfirborð og sjávarföll, sem geta aukið eða minnkað öldugang eftir því sem að flæðir að eða fjarar út. Vindur sem blæs yfir sjó og vötn mynda öldur sem verða stærri eftir því sem vindur er hvassari og áhrifin verða meiri með tíma og vegalengd.



## Draumabíll Suðurnesjmannsins efstur á óskalistanum

Tveir heppnir karlmenn um sextugt skiptu með sér fyrsta vinningi í Lottó um síðustu helgi en báðir höfðu keypt tíu raða sjálfvalsmíða. Annar keypti sinn hjá Jóhönnu á Tálknafirði og hinn í Orkuni Fitjum í Reykjanesbæ og fengu þeir rúmar 10,2 milljónir króna hvor.

Suðurnesjamaðurinn mætti daginn eftir, sagði ýmislegt hafa gengið á að undanförunu; bæði í bæjarfélaginu, eins og allir vita, en líka innan fjölskyldunnar. Sagðist sá heppni nýlega hafa selt frá sér draumabílinn sinn til að hjálpa sínum nánustu. Hann leit hjart-sýnum augum á framtíðina með góðan lottóvinningi í farteskinu og hans fyrsta verk verði væntanlega að kaupa sér draumabílinn aftur.

# FUNDABOÐ

AÐALFUNDIR DEILDA KAUPFÉLAGS SUÐURNESJA VERÐA HALDNIR SAMKVÆMT SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS SEM HÉR SEGIR:



Deildir	Dagsetning	Dagur	Tími	Staður
1. deild Keflavík norðan Aðalgötu	7. mars 2023	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4, 5. hæð
2. deild Keflavík sunnan Aðalgötu	7. mars 2023	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4, 5. hæð
3. deild Njarðvík, Hafnir, Vogar	7. mars 2023	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4, 5. hæð
4. deild Grindavík	7. mars 2023	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4, 5. hæð
5. deild Sandgerði	6. mars 2024	Miðvikudagur	Kl. 18:00	Efra Sandgerði
6. deild Garði	6. mars 2024	Miðvikudagur	Kl. 17:00	Réttarholtsvegi 13, Garði
8. deild Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík	4. mars 2024	Mánudagur	Kl. 16:00	Betri stofan, Firði, Norðurturni, 7. hæð, Hafnarfirði.



KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

Krossmóa 4 | 260 Reykjanesbæ | Sími: 421 5409